

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 30. mars 2026

Mál nr. S-3938/2025:

## Ákærvaldið

(Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari)

## gegn

**Söndru Dorotheu Becker,**

(Oddur Valsson lögmaður)

**Sokol Dushku og**

(Baldvin Már Kristjánsson lögmaður)

**Valmir Qeleposhi**

(Benedikt Smári Skúlason lögmaður)

## Dómur

Mál þetta var þingfest 8. janúar 2026 og dómtekið 2. mars 2026. Málið höfðaði héraðssaksóknari með ákæru útgefni 11. desember 2025 á hendur ákærðu Söndru Dorotheu Becker, fæddri [...], ríkisborgara [...], Sokol Dushku, kt. 000000-0000, [...], og Valmir Qeleposhi, kt. 000000-0000, [...], fyrir „stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa í félagi staðið að innflutningi á samtals 14.952,33 g af ketamíni, með 87% styrkleika, sem samsvarar 100% af ketamínklóríði, og 4.999,46 g af MDMA kristöllum, með 83% styrkleika, sem samsvarar 99% af MDMA klóríði, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, en fíkniefnin voru falin í samtals 20 pakkningum í tveimur leynilegum hölfum undir framsætum bifreiðar með skráningarnúmerið [...], frá Hollandi til Íslands, en fíkniefnin fundust í bifreiðinni og í poka á gólfi iðnaðarbils nr. 106, [...] í Hafnarfirði, við handtöku ákærðu allra föstudaginn 19. september 2025. Við handtöku voru ákærðu byrjuð að fjarlægja fíkniefnin úr bifreiðinni og undirbúa söludreifingu þeirra en við leit í húsnæðinu að [...], sem ákærðu Sokol og Valmir höfðu til umræða, fundust grammavog, smelluláspokar og íblöndunarefni falin í iðnaðarryksugu. Ákærðu skiptu með sér verkum m.a. sem hér greinir;

1. Ákærða Sandra flutti fíkniefnin frá Hollandi til Íslands falin í bifreið með skráningarnúmerið [...] með ferjunni Norrænu sem kom til Seyðisfjarðar að morgni miðvikudagsins 17. september 2025 en ákærða hélt áfram för sinni á bifreiðinni til Hafnarfjarðar föstudaginn 19. september og hitti ákærða Sokol á bifreiðastæði við Fjarðarkaup, Hólshrauni 1 í Hafnarfirði, og tók við 290.000 krónum í reiðufé og ók á eftir ákærða Sokol að [...] í Hafnarfirði þar sem hún ók bifreiðinni inn í iðnaðarbil nr. 106.
2. Ákærði Sokol átti í samskiptum við óþekktan mann dagana 23. júní-30. júlí og 10.–19. september 2025 þar sem lagt var á ráðin um innflutning og fjármögnun fíkniefna og 16. september um greiðslur til ákærðu Söndru vegna innflutningsins og um hvert fara ætti með bifreiðina en þessum upplýsingum var komið áfram til ákærðu Söndru í gegnum óþekktan mann. Ákærði Sokol hitti ákærðu Söndru föstudaginn 19. september á bifreiðastæði við Fjarðarkaup, Hólshrauni 1 í Hafnarfirði, afhenti henni 290.000 krónur í reiðufé og ók á undan henni að [...].
3. Ákærði Valmir kom að innflutningi og fjármögnun fíkniefna, fyrst með því að greiða samtals 29.968 evrur í gegnum reikning sinn (IBAN [...]) hjá fjármálafyrirtækinu Revolut á óþekktan mann mánudaginn 23. júní 2025, en fjármunirnir voru endurgreiddir inn á sama reikning ákærða hjá Revolut mánudaginn 30. júní 2025 og stuttu síðar með því að greiða 40.036 evrur í gegnum reikning sinn hjá Revolut inn á eigin bankareikning (IBAN [...]) í albanska bankanum Union bank þriðjudaginn 29. júlí 2025. Ákærði Valmir fletti upp ferðaleið frá Egilsstöðum til Hafnarfjarðar í smáforritinu Google Maps fimmtudaginn 18. september 2025 og upplýsingarnar bárust ákærðu Söndru í gegnum óþekk[t]an mann en ákærði kom í iðnaðarbil nr. 106, [...] í Hafnarfirði, föstudaginn 19. september þar sem ákærðu Sokol og Sandra voru við bifreiðina með fíkniefnunum og skömmu síðar náði ákærði í kassa í bifreið sína sem innihélt iðnaðarryksugu og setti hana við bifreiðina með fíkniefnunum og sat áfram í bifreið sinni fyrir utan húsið á meðan ákærðu Sokol og Sandra hófu að fjarlægja fíkniefnin úr bifreiðinni og gerði ákærða Sokol viðvart þegar lögregla kom á vettvang.“

Í ákæru er greind háttsemi talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er krafist upptöku á framangreindum fíkniefnum, grammavog (munur nr. 676349), smelluláspökum (munur nr. 676350) og plastpoka (munur nr. 676351) með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 69. gr. a almennra hegningarlaga en á grundvelli þess ákvæðis er jafnframt krafist upptöku á bifreið með skráningarnúmerið [...] (munur nr. 676337), auk sex farsíma sem ákærðu notuðu við brotið (munir nr. 676305, 676306, 676319, 676487, 676314 og 676315). Loks er krafist upptöku á 290.000 íslenskum krónum í reiðufé sem fundust við leit á ákærðu Söndru við handtöku (munur nr. 367331) með vísan til 1. mgr. 69. gr. og 1. mgr. 69. gr. b almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 149/2009.

Ákærða Sandra viðurkennir skýlaust að hafa gerst sek um þá háttsemi sem henni er samkvæmt framansögðu gefin að sök og fellst á upptökukröfu ákæruvaldsins. Hún krefst þess að henni verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og að til frádráttar tildæmdri refsingu komi gæsluvarðhald sem hún hefur sætt óslitið frá 20. september 2025 að fullri dagatölu. Þá krefst skipaður verjandi hennar málsvarnarlauna sér til handa úr ríkissjóði.

Ákærði Sokol neitar því að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök en gerir ekki athugasemd við upptökukröfu ákæruvaldsins. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins og til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og að til frádráttar tildæmdri refsingu komi gæsluvarðhald sem hann hefur sætt óslitið frá 20. september 2025 að fullri dagatölu. Þá krefst skipaður verjandi hans málsvarnarlauna sér til handa úr ríkissjóði.

Ákærði Valmir neitar því að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og hafnar upptökukröfu ákæruvaldsins. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins og til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og að til frádráttar tildæmdri refsingu komi gæsluvarðhald sem hann hefur sætt óslitið frá 20. september 2025 að fullri dagatölu. Þá krefst skipaður verjandi hans málsvarnarlauna sér til handa úr ríkissjóði.

I.

*Málsatvik, lögreglurannsókn máls og framlögð gögn*

1.

Samkvæmt framlagðri frumskýrslu tóku tollverðir við eftirlit með komu farþegaferjunnar Norrænu til Seyðisfjarðar bifreiðina [...] til skoðunar miðvikudaginn 17. september 2025. Ökumaður bifreiðarinnar var ákærða Sandra. Tollvörður nr. A ræddi við ákærðu Söndru um tilkomu og tilgang ferðar hennar hingað til lands. Mat hann frá-sögn ákærðu Söndru ótrúverðuga og var því ákveðið að gera ítarlega leit í bifreiðinni. Samkvæmt framlagðri aðkomuskýrslu tollvarðar nr. B fundust við þá leit pakkningar sem innihéldu hvítt efni undir fölskum botni bæði undir ökumanns- og farþegasæti í bifreiðinni að framanverðu.

## 2.

Samkvæmt framlagðri skýrslu lögreglumanns nr. C um upphafsáðgerðir máls var lögreglan á Austurlandi þegar upplýst um framangreint og tók í samráði við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu ákvörðun um að óska eftir heimild ríkislögreglustjóra til að heimila ákærðu Söndru för á bifreiðinni [...] með umrædd efni innanborðs og hafa með henni eftirlit. Að fenginni þeirri heimild var ákærðu Söndru fylgt eftir þar sem hún ók bifreiðinni frá Tollhúsinu á Seyðisfirði að Eiðum og innritaði sig á Eiðar Hostel & Apartments. Samkvæmt framlagðri skýrslu lögreglumanns nr. D um aðgerðir lögreglu dvaldi hún þar fram til morguns föstudaginn 19. september 2025 undir viðvarandi eftirliti lögreglu.

Þá veitti Héraðsdómur Austurlands lögreglunni á Austurlandi heimild til ýmissa rannsóknaraðgerða. Samkvæmt tilvikaskýrslu lögreglumanns nr. E um hljóðupptökur 18. september 2025 leiddu þær m.a. í ljós að ákærða Sandra var meðvituð um að ávana- og fíkniefni væru í bifreiðinni og að henni var uppálagt að aka með efnin á höfuðborgarsvæðið þvert á það sem umræddar hljóðupptökur bera með sér að hafi verið ráðgert í upphafi. Þá leiddu þær í ljós að ákærða Sandra hugðist aka suður föstudaginn 19. september 2025, losa sig við efnin og aka svo aftur austur sama dag.

Samkvæmt framlagðri skýrslu lögreglumanns nr. F um aðgerðir lögreglu föstudaginn 19. september 2025 lagði ákærða Sandra af stað frá Eiðar Hostel & Apartments kl. 6:55 þann dag undir eftirliti lögreglu og ók norðurleiðina að höfuðborgarsvæðinu með viðkomu á Akureyri. Þegar á höfuðborgarsvæðið var komið ók hún að versluninni Fjarðarkaup að Hólshrauni 1 í Hafnarfirði þar sem hún lagði bifreiðinni [...] í stæði kl. 16:02. Þar á planinu hitti hún ákærða Sokol sem kom þangað á bifreiðinni [...]. Ákærða Sandra fór út úr sinni bifreið og að bifreið ákærða Sokol ökumannsmegin. Ákærði Sokol skrúfaði niður rúðuna og þau ræddu saman. Að svo búnu settist hún aftur

inn í sína bifreið og ók á eftir ákærða Sokol að [...] þar sem þau stöðvuðu bæði bifreiðar sínar fyrir utan iðnaðarbil. Ákærði Sokol steig út úr sinni bifreið og opnaði hurð að iðnaðarbilinu, ákærða Sandra ók bifreiðinni [...] þar inn og ákærði Sokol lokaði að svo búnu hurðinni kl. 16:14. Skömmu síðar kom ákærði Valmir akandi að [...] á bifreiðinni [...] og stöðvaði hana þar fyrir utan. Ákærði Valmir steig út úr bifreiðinni og gekk inn í iðnaðarbilið. Stuttu síðar kom hann aftur út og sótti stóran kassa með ryksugu í bifreið sína og fór með hann inn í iðnaðarbilið. Að svo búnu fór hann aftur út í bifreið sína og settist í ökumannssæti hennar kl. 16:22 en ók ekki á brott.

Í málinu liggur frammi hljóðupptaka af því sem fram fór inni í iðnaðarbiðlinu á meðan þau ákærða Sandra og ákærði Sokol voru þar inni. Í framlagðri upplýsingaskýrslu lögreglumanns nr. F um þá hljóðupptöku kemur fram að heyra megi ákærða Sokol spyrja ákærðu Söndru hvort bifreið hennar hafi verið skoðuð og eftirfararbúnaði hugsanlega komið fyrir í henni. Í framhaldi af því megi heyra ákærða Sokol spyrja hana hvort allar bifreiðar hafi ekki verið skoðaðar og hana svara því til að einungis bifreiðar með þýsk skráningarnúmer hafi verið skoðaðar. Þá megi heyra ákærðu Söndru segja að hún ætli ekki að snerta þetta án þess að fara í hanska. Hún sé með sína eigin hanska. Þeir hafi spurt hana af hverju hún væri með hanska og hún sagti þeim að hún notaði þá þegar hún væri að taka eldsneyti. Þeir hafi spurt svo margra asnalegra spurninga. Þá megi heyra ákærðu Söndru segja að pakkningarnar eigi að vera 20 og að svo búnu telja. Þegar hún sé búin að telja upp að sjö megi heyra farsíma ákærða Sokol hringja og hann svara: „Hvað, bróðir?“ Að svo búnu megi heyra hann segja: „Lögreglan, settu þetta aftur til baka.“ Samkvæmt framlagðri tilvikaskýrslu lögreglumanns nr. F um handtöku ákærða Valmirs hringdi ákærði Valmir í ákærða Sokol kl. 16:23. Símtalið varði í fimm sekúndur.

### 3.

Samkvæmt framangreindri skýrslu lögreglumanns nr. F um aðgerðir lögreglu föstudaginn 19. september 2025 voru ákærðu handtekin kl. 16:24. Fyrst var ákærði Valmir handtekinn þar sem hann sat í bifreið sinni fyrir utan [...]. Fram kemur að hann hafi verið með farsíma í hendinni þegar lögregla hafi komið að honum. Hið sama má sjá á ljósmynd úr búkmyndavél sem finna má í framangreindri tilvikaskýrslu lögreglumanns nr. F. Á sama tíma opnuðust göngudyrrnar að iðnaðarbilinu og ákærði Sokol stóð í gættinni og var handtekinn. Fram kemur að hann hafi verið í latexhönskum. Hið sama kemur fram í framlagðri aðkomuskýrslu lögreglumanns nr. E um handtöku ákærða Sokols. Þá kemur þar fram að farsími hans hafi legið á borði við hlið ökumannshurðar

bifreiðarinnar [...]. Ákærða Sandra var svo handtekin inni í iðnaðarbilinu. Í framlagðri skýrslu lögreglumanns nr. G um innför og handtöku að [...] kemur fram að þegar lögregla hafi komið inn í iðnaðarbilið hafi ákærða Sandra staðið við ökumannssæti bifreiðarinnar [...] og verið skipað að leggjast niður. Við hliðina á henni hafi verið svartur ruslapoki sem í hafi verið pakkningar með efni. Þá hafi einnig verið pakkningar með efni í opnu leynihólfi undir ökumannssæti bifreiðarinnar. Ákærða Sandra hafi verið í latexhönskum. Við öryggisleit á henni hafi fundist 290.000 krónur í reiðufé, kveikjuláslyklar að bifreiðinni og farsími. Þá hafi annar farsími fundist inni í bifreiðinni [...].

#### 4.

Í framhaldi af framangreindu var framkvæmd leit í iðnaðarbilinu að [...] í Hafnarfirði. Í framlagðri leitarskýrslu lögreglumanns nr. H vegna þeirrar leitar kemur fram að bifreiðin [...] sem hafi verið þar inni hafi verið flutt annað til leitar. Ekkert annað saknæmt hafi fundist við leit í umræddu iðnaðarbili. Fram kemur að á gólfinu hafi verið tvær ryksugur. Báðar hafi þær borið þess merki að vera lítið sem ekkert notaðar.

Bifreiðin [...] var flutt á vörubílspalli með lögreglufylgd til leitar í aðstöðu Tollgæslu Íslands að Vesturvör í Kópavogi. Samkvæmt framlagðri leitarskýrslu lögreglumanns nr. I vegna þeirra leitar hófst leit kl. 17:58 þann 19. september 2025 og lauk kl. 18:44 sama dag. Fram kemur að talsvert magn efna hafi enn verið í leynihólfum bifreiðarinnar. Þá hafi verið búið að taka hluta þeirra úr hólfunum og setja í svartan ruslapoka. Sá ruslapoki hafi verið settur í farangursrými bifreiðarinnar áður en hún hafi verið flutt. Samtals hafi verið um 20 pakkningar með efni að ræða. Hver þeirra hafi vegið um 1 kílógramm. Búið hafi verið að setja einhverskonar duft utan um allar pakkningarnar sem lögregla telji að hafi átt að villa um fyrir fíkniefnahundum. Ekkert annað hafi fundist við leit í bifreiðinni. Þá liggur frammi ljósmyndaskýrsla lögreglumanns nr. J sem hefur að geyma ljósmyndir sem teknar voru af bifreiðinni bæði að [...] áður en hún var flutt og á meðan á leit í henni stóð sem og af þeim pakkningum sem fundust við þá leit. Enn fremur liggur frammi upplýsingaskýrsla lögreglumanns nr. I um leynihólf bifreiðarinnar [...]. Í þeirri skýrslu kemur fram að um sérútbúin leynihólf hafi verið að ræða sem veruleg vinna hafi verið lögð í. Þá er þar gerð frekari grein fyrir því hvernig bifreiðin var útbúin og það sýnt á ljósmyndum til skýringar.

Í framlagðri efnaskýrslu tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að við rannsókn og prófun kl. 19:23 þann 19. september 2025 hafi þau efni sem fundist hafi í bifreiðinni greinst sem 14.952,33 grömm af ketamíni og 4.999,46

grömm af MDMA-kristöllum. Sýni voru send Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði til frekari greiningar og styrkleikamælingar. Samkvæmt framlagðri matsgerð hennar, dagsettri 2. október 2025, reyndist styrkur ketamíns í þeim sýnum sem send voru vera 87% eða sem samsvarar 100% af ketamínklóríði og styrkur MDMA 83% eða sem samsvarar 99% af MDMA-klóríði. Þá óskaði lögregla eftir því að rannsóknastofan legði mat á það úr frá mældum styrkleika hversu mikið magn af MDMA-töflum í neyslustyrkleika væri unnt að framleiða úr 4.999,46 grömmum af þeim MDMA-kristöllum sem haldlagðir voru. Samkvæmt framlagðri matsgerð hennar, dagsettri 6. október 2025, var niðurstaðan sú að unnt væri að framleiða 41.084 töflur sem innihaldi 101 millígramm af MDMA úr því magni. Í umræddri matsgerð kemur fram að rannsóknastofunni hafi á árunum 2015–2024 borist 57 sýni af MDMA-töflum sem hafi innihaldið á bilinu 38–187 millígrömm af MDMA. Meðalgildið hafi verið 101 millígramm og við það hafi því verið miðað. Þá liggur frammi upplýsingaskýrsla lögreglumanns nr. F um götuverðmæti umræddra efna miðað við auglýsingar á samskiptaforritinu Telegram að kvöldi föstudagsins 19. september 2025. Samkvæmt því sem þar kemur fram nam götuverðmæti 14.952,33 gramma af ketamíni á þeim tíma samtals 299.046.600 krónum og 4.999,46 gramma af MDMA-kristöllum samtals 74.991.900 krónum. Samtals nam því götuverðmæti umræddra efna 374.038.500 krónum.

## 5.

Samkvæmt framlagðri tilvikaskýrslu lögreglumanns nr. E vegna búsetu ákærðu Sokols og Valmirs búa þeir saman að [...] í Hafnarfirði þótt þeir séu báðir skráðir til lögheimilis annars staðar. Í framhaldi af áðurgreindri leit í iðnaðarbilinu að [...] fór fram leit í íbúðarhluta húsnæðisins. Í framlagðri leitarskýrslu lögreglumanns nr. H vegna leitar í sameiginlegu rými þess hluta kemur fram að leitarhundur hafi merkt nokkra staði þar. Inni í ryksugu sem þar hafi verið hafi fundist plastpoki með grammavog, smelluláspokar og poki með ætluðum fíkniefnum. Þá hafi farsími legið þar á borði og tengiliðurinn „D2“ hringt látlaust í hann á Signal. Það efni sem var í framangreindum poka inni í ryksugunni reyndist samkvæmt framlagðri efnaskýrslu tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vera 30,40 grömm af laktósa eða íblöndunarefni. Í framlagðri leitarskýrslu lögreglumanns nr. H vegna leitar í herbergi ákærða Sokols er gerð stuttlega grein fyrir því sem haldlagt var við þá leit. Þá liggur frammi ljósmyndaskýrsla lögreglumanns nr. K sem hefur að geyma ljósmyndir af ýmsum kvittunum, greiðslukorti og SIM-kortum sem í herbergi ákærða Sokols voru. Í framlagðri leitarskýrslu

lögreglumanns nr. H vegna leitar í herbergi ákærða Valmirs kemur fram að á náttborði hafi legið iPhone-sími í hleðslu. Ákærði Valmir hafi gefið upp lykilorð til að opna hann. Enn fremur er þar gerð stuttlega grein fyrir öðru því sem haldlagt var við þá leit. Loks liggur frammi ljósmyndaskýrsla lögreglumanns nr. K sem hefur að geyma ljósmyndir af ýmsum kvittunum og pappírur, greiðslukortum og SIM-korti sem í herbergi ákærða Valmirs voru.

Einnig var framkvæmd leit í áður nefndum bifreiðum ákærðu Sokols og Valmirs. Samkvæmt framlögðum leitar skýrslum lögreglumanns nr. E vegna leitar í bifreiðinni [...] og lögreglumanns nr. H vegna leitar í bifreiðinni [...] fannst ekkert saknæmt við leit í umræddum bifreiðum.

Sama kvöld var enn fremur framkvæmd leit á heimili ákærðu Söndru í Schaafheim Þýskalandi með liðsinni lögreglu þar. Samkvæmt framlagðri skýrslu lögreglumanns nr. F vegna þeirrar leitar fannst ekkert saknæmt.

## 6.

Við framangreindar aðgerðir lögreglu voru ýmsir munir haldlagðir sem ýmist kom í ljós eftir því sem rannsókn málsins vatt fram að hefðu ekki þýðingu eða krafist er upptöku á í máli þessu. Í málinu liggur frammi tilvikaskýrsla lögreglumanns nr. E um haldlagða muni auk þess sem munaskýrslur vegna allra haldlagðra muna liggja frammi. Samkvæmt því sem fram kemur í umræddri tilvikaskýrslu voru það einkum þar tilgreindir farsímar ákærðu sem reyndust hafa þýðingu við rannsókn málsins. Nánar tiltekið er þar um að ræða tvo farsíma ákærðu Söndru, annars vegar einkafarsíma hennar (munur nr. 676306) og hins vegar aukafarsíma hennar (munur nr. 676305), farsíma ákærða Sokols sem lá á borði við hlið öikumannshurðar bifreiðarinnar [...] inni í iðnaðarbili húsnæðisins að [...] þegar ákærðu voru handtekin (munur nr. 676487), farsíma sem fannst við leit í sameiginlegu rými íbúðarhluta húsnæðisins að [...] (munur nr. 676319) og tvo farsíma ákærða Valmirs, annars vegar farsíma sem hann var með á sér þegar hann var handtekinn (munur nr. 676314) og hins vegar einn þeirra farsíma sem fundust við leit í herbergi hans í íbúðarhluta húsnæðisins að [...] (munur nr. 676315).

## 7.

Í málinu liggja frammi fjórar lögregluskýrslur vegna rannsóknar á farsímum ákærðu Söndru, ein vegna rannsóknar á einkafarsíma hennar og þrjár vegna rannsóknar á aukafarsíma hennar.

Í skýrslu lögreglumanns nr. E vegna rannsóknar á einkafarsíma ákærðu Söndru kemur fram að í honum hafi verið að finna gögn um aðdraganda ferðar hennar til Íslands. Þá hafi einnig verið að finna gögn sem lotið hafi að undirbúningi ferðarinnar, t.d. að kaupum á aukafarsíma hennar. Í samskiptum hennar við aðra komi fram að L, sonur hennar, hafi verið handtekinn í Frakklandi í byrjun júlí 2025. Hún hafi m.a. átt samskipti um það við tengiliðinn „M“ sem hún hafi við skýrslutöku hjá lögreglu sagt vera fyrrverandi kærustu sonar síns. Í samskiptum þeirra á milli komi m.a. fram að þær telji „Spánverjana“ hafa svikið hann, auk þess sem þær ræði atvik tengd handtöku hans og ástæðu hennar sem og staðsetningu bifreiðar hans. Í byrjun ágúst 2025 séu svo samskipti á milli þeirra þar sem ákærða Sandra biðji „M“ um að aðstoða sig við að kaupa iPhone 13 síma á eBay og um að ákærða Sandra hafi keypt annan þeirra síma sem „M“ hafi bent henni á. Í byrjun september 2025 séu svo samskipti þeirra á milli þar sem ákærða Sandra greini „M“ frá því að hún sé að fara í burtu í tvær vikur. Þá kemur fram í umræddri skýrslu að í símanum hafi verið að finna ljósmynd af skilaboðasamskiptum á öðrum farsíma sem að líkindum sé aukafarsími ákærðu Söndru, þ.e. umræddur iPhone 13 farsími. Þau skilaboðasamskipti hafi verið við tengiliðinn „Mike Vlm“ sem ákærða hafi við skýrslutöku hjá lögreglu sagt vera L, son sinn. „Mike Vlm“ hafi sent henni gmail-netföng til að senda skilaboð annars vegar og móttaka skilaboð hins vegar. Þá hafi hann sagt henni að vera aldrei innskráð, skrá sig alltaf út og fjarlægja aðganginn af tækinu.

Í skýrslu lögreglumanns nr. I vegna rannsóknar á aukafarsíma ákærðu Söndru kemur fram að þann síma hafi hún eingöngu notað í tengslum við innflutning umræddra fíkniefna hingað til lands. Síminn hafi verið settur upp í byrjun ágúst 2025, tengdur við gerviaðgang og tekinn í notkun. Í símanum hafi hún verið í samskiptum á dulkóðaða samskiptamiðlinum Signal við óþekkt aðila með ýmis tilbúin nöfn, m.a. „EL VENUM“, „Yahudi“, „Wano Patek“, „Roberto Carlos“, „Mike Vlm“ og „Ghost kart“. Hún hafi sjálf notað nafnið „Peach“. Þau samskipti hafi lotið að ferð hennar hingað til lands. Flestum símtölum frá því að síminn hafi verið tekinn í notkun hafi verið eytt. Þá kemur m.a. fram að í símanum hafi fundist skilaboð frá ákærðu Söndru til „Roberto Carlos“ um að hún hafi eytt öllu út af símanum þegar hún hafi verið stöðvuð af tollvörðum við komu til Seyðisfjarðar.

Þá liggur frammi sérstök skýrsla lögreglumanns nr. I vegna samskipta ákærðu Söndru við „EL VENUM“ á samskiptamiðlinum Signal 17. og 18. september 2025. Í umræddri skýrslu kemur fram að ekki sé vitað hver sá aðili sé. Þá eru samskipti þeirra

tekin upp og þýdd. Þau hefjast þegar ákærða Sandra var búin að fá bifreiðina [...] aftur að lokinni leit tollvarða. Hún byrjar á því að greina „EL VENUM“ frá því að tollverðir hafi leitað í bifreið hennar í fjórar og hálf klukkustund en ekki fundið neitt. Svo lúta samskiptin að því að ákærða Sandra þurfi að fara á höfuðborgarsvæðið til að afhenda efnin sem hún virðist ósátt við og lýsir m.a. áhyggjum af því að þurfa að fara aftur í gegnum tollaeftirlit sem og af eldsneytiskostnaði við svo langa ferð. „EL VENUM“ sendir henni heimilisfangið [...] í Reykjavík. Þá sendir „EL VENUM“ mynd af farsíma með leiðarlýsingu frá Egilsstöðum að [...] í Hafnarfirði sem fram kemur í umræddri skýrslu að sé af farsíma ákærða Valmirs. Enn fremur segir „EL VENUM“ ákærðu Söndru að „þau“ segi að ekkert tollaeftirlit sé á leiðinni sem og að „þau“ muni láta hana fá pening. Þá segir hann að næstu verkefni verði ekki jafn krefjandi. Loks biður „EL VENUM“ ákærðu Söndru um að athuga til öryggis hvort varningurinn sé enn í bifreiðinni.

Enn fremur liggur frammi sérstök skýrsla lögreglumanns nr. I vegna samskipta í hópnum Driver 1.0 á Signal 18. og 19. september 2025. Í þeirri skýrslu kemur fram að í umræddum hópi hafi ákærða Sandra verið ásamt áður nefndum „EL VENUM“ sem og „Wano Patek“ og „Yahudi“ sem ekki sé vitað hverjir séu. Þá eru samskipti þeirra tekin upp og þýdd. Þau hefjast rétt fyrir hádegi 18. september á almennum samskiptum um það hvernig gangi. Snemma morguns 19. september lætur ákærða Sandra vita að hún sé að leggja af stað að austan og svo annað slagið yfir daginn hvernig ferðinni miðar. Klukkan rúmlega þrjú sendir „Wano Patek“ henni svo heimilisfangið [...] í Hafnarfirði og segir að „þeir“ fari svo með hana í bílskúr í tveggja mínútna fjarlægð þaðan. Þar sé hægt að taka allt úr í rólegheitum. Ákærða Sandra segir svo að hún vilji fyrst fá pening og svo taki hún úr. „Wano Patek“ segir að „þeir“ láti hana fá pening. Í framhaldi af því taka við samskipti um lykilorð sem ákærða Sandra segir „hann“ svo vera með. „Wano Patek“ segir henni svo í lokin að gæta að því að taka allt úr og telja til öryggis.

## 8.

Í málinu liggja frammi tvær ítarlegar skýrslur lögreglumanns nr. K vegna rannsóknar á farsíma ákærða Sokols, ein almenn og ein þar sem gerð er sérstök grein fyrir samskiptum ákærða Sokols við tengiliðinn „He'll“ frá 10. til 16. september 2025. Í almennu skýrslunni kemur fram að rannsókn á farsíma ákærða Sokols hafi leitt í ljós að hann átti í miklum samskiptum við „He'll“. Þeir hafi átt í miklum samskiptum og hringst mikið á í gegnum WhatsApp í aðdraganda komu ákærðu Söndru. Ákærði Sokol hafi hringt í „He'll“ kl. 16:04 föstudaginn 19. september 2025 sem sé á sama tíma og hann

hafi hitt ákærðu Söndru á planinu við Fjarðarkaup. Þá hafi hann mótttekið símtal frá ákærða Valmir kl. 16:23 þann dag. Þriðjudaginn 17. september 2025 hafi ákærði Sokol svo flett Egilsstöðum upp á Google Maps. Þá hafi rannsókn á rafrænu efnisinnihaldi símans leitt í ljós að ákærði Sokol stundaði sölu fíkniefna alveg fram að handtöku. Í símanum hafi fundist samskipti við ýmsa aðila þar að lútandi, t.d. um það hvort greiðsla skuli innt af hendi með reiðufé eða millifærslu á bankareikninga í eigu ákærða Sokols.

Í skýrslunni þar sem gerð er sérstök grein fyrir samskiptum ákærða Sokols við tengiliðinn „He´ll“ kemur fram að um óþekktan aðila með tilgreint spænskt símanúmer sé að ræða. Sá aðili hafi svo annað hvort verið í samskiptum við „EL VENUM“ sem aftur hafi verið í samskiptum við ákærðu Söndru eða þá að um einn og sama aðilann sé að ræða. Þannig hafi ákærði Sokol verið í samskiptum við „He´ll“ um ýmis atriði og upplýsingar um þau atriði síðan borist ákærðu Söndru. Í umræddri skýrslu eru svo skrifleg samskipti ákærða Sokols og „He´ll“ frá 10. til 16. september 2025 tekin upp og þýdd. Þau samskipti lúta m.a. að ferðatösku og einhverju sem sé á leiðinni sem þeir vonist til að hafist sem og greiðslum og fleiri atriðum. Þannig segir „He´ll“ t.d. í skilaboðum að vinurinn muni skilja eftir 50.000 evrur í Evrópu og spyr ákærða Sokol svo í öðrum skilaboðum hvort hann eigi pening á Revolut. Þá ræða þeir millifærslu frá Albaníu. Ákærði Sokol segir svo í skilaboðum að hann hafi talað við einn sem geti millifært í gegnum Revolut. Vinurinn sé búinn að millifæra á albanska reikninginn. „He´ll“ spyr svo í skilaboðum hvort þeir geti notað bílskúrinn. Nokkru síðar biður hann ákærða Sokol að senda sér heimilisfang og leggja inn á „hana“ þar sem hún sé búin með peninginn. „He´ll“ segir honum svo að láta hana fá pening á staðnum. Hóruna. Svo sendir ákærði Sokol „He´ll“ heimilisfangið [...] í Reykjavík.

Enn fremur liggur frammi ítarleg tilvikaskýrsla lögreglumanns nr. E vegna rannsóknar á farsíma ákærða Sokols þar sem gerð er grein fyrir samskiptum hans á WhatsApp við óþekktan ónafngreindan aðila með spænskt símanúmer. Fram kemur að ákærði Sokol hafi greint frá því við skýrslutöku hjá lögreglu að umræddur aðili heiti „Andi Zylyftari“ og sé sami aðili og „He´ll“. Skoðun á símanum hafi leitt í ljós að ákærði Sokol hafi hætt samskiptum við umrætt símanúmer og hafið samskipti við tengiliðinn „He´ll“ um einni mínútu síðar. Í umræddri skýrslu eru svo skrifleg samskipti ákærða Sokols við umrætt símanúmer frá 23. júní til 30. júlí 2025 tekin upp og þýdd. Þá segir þar að þau samskipti heilt yfir beri með sér að umræðuefnið hafi verið innflutningur fíkniefna. Þannig hafi þeir t.d. rætt greiðsluleiðir og nefnt að greiðsla eigi að fara fram

með rafmynt, reiðufé í Albaníu og reiðufé á Íslandi. Í lok júní hafi samskipti þeirra snúist um millifærslur. Ákærði Sokol hafi sent skjáskot með staðfestingu á millifærslu á 29.968 evrum í gegnum reikning ákærða Valmirs hjá Revolut. Umrætt skjáskot hafi ákærði Valmir sent ákærða Sokol. Í framhaldi af því hafi samskiptin svo snúist um vandamál sem komið hafi upp. Svo hafi sá sem ákærði Sokol var í samskiptum við sagt að greiðslan kæmi til baka. Örskömmu síðar hafi ákærði Valmir fengið umrædda fjárhæð endurgreidda. Þá hafi þeir rætt ýmsar flutningsleiðir. Þeir hafi rætt póstsendingar og ferðamenn. Þá virðist þeir hafa rætt ferli til að draga efni úr fatnaði. Þá hafi þeir rætt um að pressa efni og um að útvega pressuvél. Loks segir svo í skýrslunni að erfitt sé að greina nákvæmlega samhengi samskiptanna þar sem þeir hafi einnig talað mikið saman.

Þá liggur frammi upplýsingaskýrsla sérfræðings lögreglu nr. N vegna rannsóknar á þeim farsíma sem fannst við leit í sameiginlegu rými þeirra ákærðu Sokols og Valmirs í íbúðarhluta húsnæðisins að [...]. Þar kemur fram að rannsókn á efnisinnihaldi umrædds farsíma gefi til kynna að ákærði Sokol hafi verið notandi hans og því lýst af hverju svo sé. Hann hafi verið notaður til að auglýsa fíkniefni á Telegram sem og til að selja fíkniefni. Þá hafi hann innihaldið skilaboðasamskipti á dulkóðaða samskiptamiðlinum Signal sem lotið hafi að greiðslum, skipulagningu funda og stöðuuppfærslum. Enn fremur hafi hann innihaldið SMS-skilaboðasamskipti við fjölda aðila sem snúist hafi um sölu, dreifingu og kaup á fíkniefnum. Þá hafi hann innihaldið myndir af ætluðum fíkniefnum og 10.000 króna peningaseðlum. Dæmi um slíkar myndir er að finna í umræddri upplýsingaskýrslu.

## 9.

Þá liggja frammi tvær skýrslur lögreglumanns nr. K vegna rannsóknar á farsímum ákærða Valmirs, annars vegar skýrsla vegna rannsóknar á þeim farsíma sem hann var með á sér þegar hann var handtekinn og hins vegar vegna rannsóknar á einum þeirra farsíma sem fundust við leit í herbergi hans í íbúðarhluta húsnæðisins að [...]. Í fyrri skýrslunni kemur fram að rannsókn á efnisinnihaldi umrædds farsíma hafi leitt í ljós að síðasta símtalið sem hringt var úr honum hafi verið fimm sekúndna símtal í ákærða Sokol á þeim tíma sem lögregla hafi ráðist í handtökur á vettvangi. Í símanum hafi verið skjámynd af millifærslu á 29.968 evrum frá ákærða Valmir á „P.“ þann 23. júní 2025 í gegnum reikning ákærða Valmirs hjá Revolut. Fram kemur að ákærði Valmir hafi við skýrslutöku hjá lögreglu sagt umrædda millifærslu hafa verið vegna bifreiðakaupa. Í fyrri skýrslutöku hjá lögreglu hafi hann sagst hafa hætt við kaupin þar sem í ljós hafi komið

að ekki væri hægt að breyta bifreiðinni og í síðari skýrslutöku hafi hann sagst hafa hætt við þar sem seljandi bifreiðarinnar hafi hækkað verðið á henni. Í símanum hafi jafnframt verið skjámynd af innstæðu á bankareikningi ákærða Valmirs þann 8. september 2025. Innstæða hafi verið 15.812.125 krónur. Þá kemur fram að rannsókn á símanum hafi leitt í ljós að kl. 19:05 þann 18. september 2025 hafi Egilsstöðum verið flett upp á Google Maps. Loks kemur fram í skýrslunni að leit hafi verið gerð í símanum að heitum þeirra bifreiðategunda sem ákærði Valmir hafi við skýrslutöku hjá lögreglu sagst hafa ætlað að kaupa sem og nafni ætlaðs seljanda þeirra en ekkert fundist við þá leit.

Í síðari skýrslunni kemur fram að ekki hafi verið hringt úr þeim síma eftir 7. september 2025. Við rannsókn á efnisinnihaldi hans hafi fundist ljósmynd af QR-kóða fyrir bankareikning hjá Revolut í eigu „P“. Myndin hafi verið tekin 23. júní 2025 rétt áður en framangreind millifærsla hafi verið framkvæmd. Leit hafi verið gerð í símanum að heitum þeirra bifreiðategunda sem ákærði Valmir hafi við skýrslutöku hjá lögreglu sagst hafa ætlað að kaupa sem og nafni ætlaðs seljanda þeirra en ekkert fundist við þá leit.

#### 10.

Í málinu liggur frammi tilvikaskýrsla lögreglumanns nr. F vegna framangreindrar uppfléttingar á Egilsstöðum á Google Maps í farsíma ákærða Valmirs kl. 19:05 þann 18. september 2025. Fram kemur að síminn hafi verið staðsettur að [...] í Hafnarfirði þegar Egilsstöðum hafi verið flett upp. Rannsókn á efnisinnihaldi aukafarsíma ákærðu Söndru hafi leitt í ljós að kl. 19:25 sama dag hafi „EL VENUM“ sent ákærðu Söndru ljósmynd af síma með Google Maps á skjánum þar sem búið hafi verið að fletta upp hvað það taki langan tíma að aka frá Egilsstöðum að [...]. Lögregla telji ljóst að sú ljósmynd sé af síma ákærða Valmirs. Rannsókn á efnisinnihaldi farsíma ákærða Sokols hafi leitt í ljós að ljósmynd af síma ákærða Valmirs með framangreint á skjánum hafi verið tekin á síma ákærða Sokols kl. 19:06 umræddan dag.

#### 11.

Ákærða Sandra gaf þrívægis skýrslu hjá lögreglu á rannsóknarstigi. Hún gaf fyrst skýrslu þann 19. september 2025 og liggja bæði lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hennar sem og upptaka af henni frammi í málinu. Hún greindi frá því að í byrjun júlí hafi sonur hennar lent í fangelsi. Hann hafi verið handtekinn í Frakklandi á leið frá Þýskalandi til Spánar og hún hafi ekki heyrt í honum síðan. Nokkru síðar hafi óþekktur aðili hringt í hana og boðið henni að fara í frí til að dreifa huganum. Hann

hafi látið hana hafa bifreið til að fara á til Íslands svo hún þyrfti ekki að fara á sinni eigin. Hún hafi sótt bifreiðina til Berlínar og skráð hana á sitt nafn. Hún hafi svo ekið frá heimili sínu til Amsterdam þar sem hún hafi dvalið eina nótt. Þaðan hafi hún ekið til Flensborgar á leið sinni til Hirtshals þar sem hún hafi tekið farþegaferjuna Norrænu. Hún hafi verið stöðvuð af tollinum á Seyðisfirði sem hafi tekið langan tíma og hún verið spurð margra heimskulegra spurninga. Hún hafi svo fengið skilaboð þann 19. september um að aka á höfuðborgarsvæðið og fengið fyrirmæli um að fara að bílastæði við verslun Fjarðarkaupa í Hafnarfirði. Þar hafi hún óvænt hitt mann sem hafi vinkað henni. Svo hafi hún fengið skilaboð um að sá maður ætti að gefa henni upp lykilorð sem hann hafi gert. Hún hafi ekkert vitað hvað væri í gangi. Maðurinn hafi svo sagt henni að elta sig að iðnaðarbilinu að [...] í Hafnarfirði og aka bifreið sinni þar inn. Hann hafi lokað á eftir þeim og þvingað hana til að taka efnin úr bifreiðinni og telja pakkningarnar. Svo hafi hann skyndilega sagt að lögreglan væri að koma og skipað henni að setja pakkningarnar aftur á sinn stað. Hún hafi ekki vitað af fíkniefnunum í bifreiðinni.

Ákærða Sandra gaf næst skýrslu hjá lögreglu 24. september 2025 og liggja lög-regluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hennar sem og bæði endurrit af henni og upptaka frammi í málinu. Við þá skýrslutöku gekkst ákærða Sandra að fullu við því að hafa staðið að innflutningi fíkniefna hingað til lands. Hún hafi fengið fyrirmæli um að fara á tiltekinn stað í Hollandi þar sem tveir óþekktir aðilar hafi komið efnunum fyrir í bifreiðinni. Hún hafi fengið 2.000 evrur greiddar sem óþekktur aðili hafi sagt að væri fyrir lögmannskostnaði sonar hennar. Svo hafi hún þurft að fara í þessa ferð til Íslands þar sem hún hafi þegið umrædda fjármuni. Þá hafi henni verið sagt að fylgst væri með henni öllum stundum. Hún hafi aldrei áður tekið þátt í flutningi fíkniefna. Með-ákærði Sokol hafi átt frumkvæði að samskiptum við hana á bílastæðinu við verslun Fjarðarkaupa. Hann hafi ekki getað gefið henni upp lykilorðið sem hafi átt að vera rað-númer á peningaseðli. Hún hafi rætt við sinn tengilið sem hafi þá sagt henni að nýtt lyki-lorð væri France. Meðákærði Sokol hafi verið í myndsímtali við óþekktan aðila á óþekktu tungumáli og í framhaldi af því gefið henni upp það lykilorð. Meðákærði Sokol hafi svo leiðsagt henni að iðnaðarbilinu að [...] og þar hafi hann sagt henni að taka efnin úr bifreiðinni. Aðspurð kvaðst hún hafa vitað hver fjöldi pakkninganna hafi verið sem og að hún hafi talið þær. Meðákærði Sokol hafi ekki beitt hana neinum þrýstingi. Þá kvað hún aðkomu meðákærða Sokols vera meiri en hann vilji vera láta. Loks baðst ákærða

Sandra afsökunar á að hafa logið að lögreglu. Hún hafi verið nauðbeygð að fara í þessa ferð.

Ákærða Sandra gaf svo skýrslu hjá lögreglu í þriðja sinn þann 21. október 2025 og bæði lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hennar sem og upptaka af henni frammi í málinu. Við þá skýrslutöku var ákærða Sandra spurð nánar út í fjölmörg atriði, auk þess sem borin voru undir hana ýmis rannsóknargögn. Hún greindi m.a. frá því að hún hafi fengið bifreiðina í Berlín frá óþekktum aðila. Hún hafi ekkert greitt fyrir hana en skráð hana á sitt nafn vegna trygginga. Umræddur aðili hafi látið hana hafa 4.000 evrur sem hún hafi notað til að greiða fyrir gistingu og miða í ferjuna. Hún hafi ekki vitað af leynihólfunum í bifreiðinni fyrr en þeir hafi haft samband við hana eftir að hún hafi verið komin á bifreiðinni heim til sín. Hún hafi ekki viljað fara í þessa ferð en þeir sagst vita hvar hún byggi og hvar sonur hennar væri. Hún hafi fengið nákvæmar upplýsingar um það hvernig hún ætti að opna leynihólf bifreiðarinnar. Henni hafi svo verið gefið upp heimilisfang í Hollandi þar sem hún hafi hitt aðila sem komið hafi efnunum fyrir í bifreiðinni. Hún hafi svo ekið til Flensborgar og verið þar eina nótt. Svo hafi hún ekið til Hirtshals. Hún sé í þessari stöðu þar sem sonur hennar hafi verið handtekinn í Frakklandi. Hún hafi fengið upplýsingar um son sinn frá Roberto Carlos og hann bent henni á lögmann í Frakklandi sem hún hafi fengið til að taka mál sonar hennar að sér. Þá greindi hún frá því að hún hafi fengið farsíma í hendur síðastliðið sumar þar sem sonur hennar hafi verið búinn að setja hana í spjallhóp með aðila sem hafi verið staðsettur á Spáni. Í framhaldi af því hafi hún fengið annan farsíma og þá átt að flytja fíkniefni til Íslands. Aðspurð sagði hún að „Yahudi“ væri staðsettur í Dúbaí. Hennar upplifun sé sú að hann sé efst í keðjunni. Aðilinn á Spáni hafi notað nafnið „El Toreo“. Aðspurð um samskipti sín við „M“ vegna kaupa á iPhone 13 farsíma kvaðst hún hafa fengið fyrir mæli um að kaupa slíkan síma þar sem verið væri að hlusta hinn símann. Hún hafi svo þurft að fara til ákveðins aðila sem hafi sett símann upp fyrir hana. Hann hafi búið til aðgang á nafninu „Peach“ fyrir hana á Signal. Hún hafi einnig notað nafnið „Ghost kart“ á Signal. Aðspurð um það hvort hún viti hverjir aðrir sem hún hafi átt í samskiptum við á Signal hafi verið kvaðst hún ekki vitað það. „Mike Vlm“ sé þó L, sonur hennar. Aðspurð kvaðst ákærða Sandra hafa verið í mestum samskiptum við „EL VENUM“ og „Wano Patek“ í tengslum við ferðina hingað til lands og samskiptin hafi farið fram á þýsku. Hún sé þó ekki móðurmál þeirra. Hún hafi ekki vitað fyrr en hún hafi komið til Íslands að hún ætti að aka með efnin á höfuðborgarsvæðið en þeir hafi ekki virst geta sótt þau austur. Hún

hafi fengið senda mynd af Íslandi og verið sagt að aka norðurleiðina. Þegar hún hafi verið komin ásamt meðákærða Sokol inn í iðnaðarbilið að [...] hafi meðákærði Valmir komið þar inn með ryksugu. Meðákærði Sokol hafi svo rétt henni poka og sagt henni að setja efnin í hann. Þá greindi hún frá því að meðákærði Sokol hafi látið hana hafa þá fjármuni sem hún hafi verið með á sér þegar hún hafi verið handtekin. Loks kvaðst hún svo aðspurð ekki hafa beðið meðákærða Sokol um ryksugu.

12.

Ákærði Sokol gaf í fjórgang skýrslu hjá lögreglu á rannsóknarstigi. Hann gaf fyrst skýrslu þann 19. september 2025 og liggja bæði lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hans sem og upptaka af henni frammi í málinu. Hann skýrði frá því að hann hafi fengið myndsímtal frá „Andi Zylyftari“ sem hafi beðið hann um að gera frænku sinni greiða með því að laga bifreið hennar. „Andi“ hafi sagt ákærða Sokol að fara að Bíldshöfða 8 eða 10 og hitta þar annan Albana. Sá hafi afhent honum Samsung-farsíma og SIM-kort. Hann hafi hins vegar hvorki fengið uppgefið PIN-númer né vitað hvað hann hafi átt að gera við farsímann og SIM-kortið. Hann hafi svo sett SIM-kortið í einkafarsíma sinn og notað til að vera í sambandi við „Andi“. „Andi“ hafi svo beðið hann um að hitta frænku sína við verslun Fjarðarkaupa. Þar hafi komið að honum kona og gefið sig á tal við hann. Hún hafi beðið hann um pening og gert handahreyfingar til að útskýra. Hann hafi fengið skrýtna tilfinningu fyrir þessu og hringt myndsímtal í „Andi“ sem hafi beitt hann þrýstingi og sagt honum að hjálpa konunni. Ákærði Sokol hafi leiðsagt henni að iðnaðarbilinu að [...] og hún ekið bifreiðinni þar inn. Hún hafi viljað ryksuga bifreiðina og hann farið út og fyrir tilviljun hitt meðákærða Valmir og spurt hann hvort hann mætti fá ryksugu lánaða hjá honum. Það hafi verið auðsótt og hafi meðákærði Valmir haldið á ryksugunni inn, hitt meðákærðu Söndru og heilsað henni. Ekki hafi staðið til að hann aðstoðaði meðákærðu Söndru við að laga bifreið hennar. Hann hafi eingöngu átt að útvega stað. Aðspurður kvað ákærði Sokol þá meðákærða Valmir ekki hafa talað saman í síma eftir að bifreiðinni hafi verið ekið inn í iðnaðarbilið. Aðspurður um það sem fundist hafi inni í ryksugu í sameiginlegu rými í íbúðarhluta húsnæðisins að [...] kvaðst ákærði Sokol eiga það en það væri þó á ábyrgð „Andi“. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa látið meðákærðu Söndru fá neina fjármuni. Loks neitaði hann alfarið allri aðild að innflutningi fíkniefna til landsins.

Ákærði Sokol gaf næst skýrslu hjá lögreglu 24. september 2025 og liggja lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hans sem og bæði endurrit af

henni og upptaka frammi í málinu. Við þá skýrslugjöf staðfesti ákærði Sokol fyrri frásögn. Þá bætti hann við að meðákærða Sandra hefði beðið hann um lykilorð þegar þau hefðu hist sem „Andi“ hafi látið hann hafa. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa vitað að eins ryksuga hafi þegar verið á staðnum. Þess vegna hafi hann beðið meðákærða Valmir um að lána sér ryksugu. Þá kvaðst hann ekki minnst þess að meðákærði Valmir hafi hringt í hann eftir að bifreið meðákærðu Söndru hafi verið komin inn í iðnaðarbilið. Þá kvað ákærði Sokol farsímamann sem fundist hafi í sameiginlegu rými í íbúðarhluta húsnæðisins að [...] ekki vera í sinni eigu. Hann sé í eigu manna sem hann vilji ekki nafngreina. Síminn sé notaður til að búa til auglýsingar til að selja kókaín. Þá dró ákærði Sokol til baka fyrri frásögn um að hafa ekki látið meðákærðu Söndru hafa fjármuni og sagði „Andi“ hafa sagt sér að láta hana fá 290.000 krónur svo hún gæti skoðað norðurljósín. Hann hafi ekki grunað fyrr en hann hafi hitt meðákærðu Söndru og hún beðið hann um lykilorð að fíkniefni væru í bifreið hennar. Þá voru borin undir ákærða Sokol ýmis atriði sem rannsókn lögreglu hafi leitt í ljós. Aðspurður kvaðst hann ekkert muna eftir samtali þeirra meðákærðu Söndru inni í iðnaðarbilinu og ekki hafa vitað um fíkniefnin. Þá dró hann til baka fyrri frásögn um að meðákærða Sandra hafi nálgast hann fyrir utan verslun Fjarðarkaupna. Hann hafi verið með „Andi“ í myndsímtali í gegnum WhatsApp og nálgast hana. Aðspurður um það af hverju meðákærði Valmir hafi hringt og varað hann við þegar lögregla hafi komið á vettvang kvað hann eðlilegt að fólk segi frá því sem það sjái.

Þá gaf ákærði Sokol skýrslu hjá lögreglu 30. september 2025 og liggja bæði lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hans sem og upptaka af henni frammi í málinu. Við þá skýrslugjöf var ákærði Sokol spurður nánar út í „Andi Zylyftari“. Hann skýrði frá því að „Andi“ sé ekki vistaður með nafni í símanum hans heldur eingöngu spænsku símanúmeri. Ákærði Sokol sé búinn að eiga í samskiptum við hann í nokkra mánuði. Þau samskipti hafi fyrst og fremst lotið að fjölskylduvandamálum „Andi“ en foreldrar hans séu veikir. Ákærði Sokol hafi bara talað við „Andi“. Hann þekki hann í gegnum mann sem heiti Armando Rakipi. Í myndsímtali þennan dag hafi „Andi“ ekki verið í bol sem bendi til þess að hann hafi verið annars staðar en í Íslandi. Þá kvaðst ákærði Sokol hafa hitt „Andi“ áður en hann hafi sjálfur farið til Albaníu þann 10. ágúst síðastliðinn. Aðspurður um það af hverju hann hafi sent „Andi“ heimilisfangið að [...] í Reykjavík kvað hann „Andi“ hafa spurt hann hvar hann væri að vinna. Aðspurður um skilaboðasamskipti milli þeirra „Andi“ þar sem „Andi“ segir ákærða Sokol að láta konu

fá fjármuni kvað hann „Andi“ hafa sagt að frænka hans væri að koma með skipi frá Danmörku og að ákærði Sokol ætti að láta hana fá 2.000 evrur þar sem hún væri ekki með neina fjármuni. Aðspurður um það hvort „Andi“ búi á Íslandi kvað ákærði Sokol hann koma og fara.

Loks gaf ákærði Sokol skýrslu hjá lögreglu 21. október 2025 og liggja bæði lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hans sem og upptaka af henni frammi í málinu. Í frásögn hans kom fram að hann hefði verið notaður í þessum innflutningi fíkniefna af „Andi“. „Andi“ sé aðilinn á bakvið spænska símanúmerið og vistaður sem „He´ll“ í farsíma hans. Borin voru undir ákærða Sokol samskipti þeirra í aðdraganda handtöku ákærðu, m.a. að þeir hafi rætt að von væri á ferðatösku, rætt um staði til að taka á móti sendingunni sem og um greiðslur til meðákærðu Söndru þar sem hún hafi verið orðin auralaus. Ákærði Sokol gekkst við því að með ferðatösku væri átt við fíkniefni en að fyrri samskipti hafi verið skáldskapur þar sem rætt hafi verið um sendingu sem væri á leiðinni en hafi aldrei komið. Þá var ákærði Sokol spurður út í mynd sem hafi fundist í farsíma hans af öðrum farsíma þar sem búið hafi verið að fletta upp á Google Maps leiðinni frá Egilsstöðum að [...]. Ákærði Sokol kvaðst hafa beðið meðákærða Valmir að fletta þessu upp og svo tekið mynd af skjánum á farsíma hans. Þá kvaðst ákærði Sokol enn vera í áfalli eftir að hafa verið handtekinn. Hann hafi aldrei gert neitt ólöglegt. Nokkru síðar kvaðst hann þó hafa verið að selja og dreifa kókaíni. Þá sagði hann aðspurður að meðákærði Valmir hafi verið að spyrja hann hvað hann ætti að kaupa í Krónunni þegar hann hafi hringt í hann rétt áður en þau hafi verið handtekin. Aðspurður um bifreiðaviðskipti meðákærða Valmirs kvaðst ákærði Sokol hafa tvívegis aðstoðað hann við bifreiðakaup því hann þekki menn og hafi fengið afslátt.

13.

Ákærði Valmir gaf einnig skýrslu í fjórgang hjá lögreglu á rannsóknarstigi. Hann gaf fyrst skýrslu þann 19. september 2025 og liggja bæði lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hans sem og upptaka af henni frammi í málinu. Hann skýrði frá því að hann hafi verið í vinnu þann dag. Hann starfi við pípulagnir hjá fyrirtæki í eigu bróður síns. Hann hafi fengið símtal frá meðákærða Sokol sem hafi beðið hann um að lána sér DeWalt-ryksugu sem hann eigi. Hann hafi farið með ryksuguna inn í iðnaðarbilið að [...] og látið meðákærða Sokol fá hana og farið svo aftur. Hann hafi ekki séð neinn annan þar inni en tekið eftir bifreið sem hafi staðið þar. Hann hafi sest stuttlega inn í bifreið sína en farið svo aftur inn í iðnaðarbilið til að spyrja meðákærða Sokol hvort hann

vildi aukahluti með ryksugunni sem hann hafi afþakkað. Því næst hafi hann sest aftur inn í bifreið sína og ætlað að hringja í vin sinn sem býi í Bretlandi en ekki náð sambandi við hann. Hann hafi þá hringt í ákærða Sokol og spurt hvort hann vantaði eitthvað úr Krónunni þar sem hann hafi verið á leið þangað. Svo hafi hann verið handtekinn. Aðspurður kvaðst ákærði Valmir hvorki hafa komið nálægt innflutningi á fíkniefnum né komið nálægt fíkniefnum yfirleitt. Aðspurður kvaðst ákærði Valmir fá um 400.000 krónur útborgað mánaðarlega og borga 80.000 krónur í húsaleigu að [...]. Hann sé almennt á núlli um mánaðamót. Hann hafi búið á Íslandi frá árinu 2014 og fari í frí til Albaníu einu sinni á ári. Aðspurður kvaðst ákærði Valmir hafa ætlað að kaupa fasteign í Bretlandi og hafa stofnað bankareikning þar. Hann hafi notað heimilisfang vinar síns til að stofna þann bankareikning og greitt vatnsreikning þar. Aðspurður kvaðst ákærði Valmir hafa þekkt meðákærða Sokol í nokkur ár en ekki þekkja meðákærðu Söndru neitt. Aðspurður um farsíma sem fundist hafi í sameiginlegu rými íbúðarhluta húsnæðisins að [...] kvað ákærði Valmir meðákærða Sokol eiga þann síma. Þá kvaðst hann ekki hafa átt það sem fundist hafi í ryksugu inni í umræddu sameiginlegu rými.

Ákærði Valmir gaf næst skýrslu hjá lögreglu 24. september 2025 og liggja lög-regluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hans sem og bæði endurrit af henni og upptaka frammi í málinu. Við þá skýrslugjöf staðfesti ákærði Valmir fyrri frásögn og kvaðst ekki geta útskýrt af hverju hans frásögn stangaðist á við frásögn meðákærða Sokols. Aðspurður neitaði hann því að hafa hringt í meðákærða Sokol til að vara hann við þegar lögregla hafi komið á vettvang. Þá kvaðst hann aðspurður ekki kannast við að hafa eytt umræddu símtali úr símtalaskrá í síma sínum.

Þá gaf ákærði Valmir skýrslu hjá lögreglu 3. október 2025 og liggja bæði lög-regluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hans sem og upptaka af henni frammi í málinu. Við þá skýrslugjöf staðfesti ákærði Valmir á ný fyrri frásögn. Þá skýrði hann frá því að umræddan dag hafi hann farið með O í hádegismat í IKEA. Aðspurður um það hvort hann hafi ætlað að ferðast til útlanda áður en hann hafi verið handtekinn greindi hann frá því að hann hafi ætlað að fara að heimsækja frænda sinn sem býi á Egilsstöðum. Þess vegna hafi hann flett leiðarlýsingu þangað upp á Google Maps. Þá voru bornar undir ákærða Valmir ýmsar færslur inn á bankareikning hans. Aðspurður um 8.000 evra innlög þann 10. mars 2025 kvaðst hann hafa ætlað að kaupa bifreið í Bretlandi en hætt við þar sem stýrið hafi verið öfugum megin og kostnaðarsamt að breyta því. Aðspurður um 29.968 evra innlög þann 30. júní 2025 kvaðst hann hafa lagt þann

pening inn á sinn eigin reikning í Albaníu þar sem hann hafi viljað eiga hann til að kaupa fasteign þar í framtíðinni. Aðspurður um millifærslur í gegnum Revolut-reikning hans til „P.“ þann 23. júní 2025, fyrst tvær að fjárhæð 44 evrur og svo eina að fjárhæð 29.880 evrur, kvaðst hann hafa ætlað að kaupa bifreið af „P.“ en hætt við og hann því endurgreitt honum. Aðspurður um 9.500 evra innlögn þann 22. júlí 2025 kvaðst hann hafa millifært það fé af sínum bankareikningi í Albaníu. Aðspurður um þær 40.000 evrur sem hann hafi lagt inn á bankareikning sinn í Albaníu undanfarið kvað hann það vera fjármuni sem hann hafi fengið þegar hann hafi selt íbúðina sína hér á landi. Aðspurður um það hvernig ljósmynd af síma hans þar sem búíð hafi verið fletta upp leiðarlýsingu frá Egilsstöðum að [...] á Google Maps hafi ratað í farsíma meðákærðu Söndru kvaðst ákærði Valmir ekki getað svarað því. Hann hafi ekki tekið þá ljósmynd. Aðspurður hver hafi tekið hana kvað hann meðákærða Sokol hafa gert það. Aðspurður um það af hverju hann hafi sent meðákærða Sokol skjáskot af áður nefndri millifærslu til „P.“ kvað hann meðákærða Sokol þekkja „P.“ sem hafi ætlað að selja honum bifreiðina. Aðspurður um símtalið í meðákærða Sokol rétt áður en þau voru handtekin kvaðst ákærði Valmir hafa ætlað að spyrja hann hvort hann vantaði eitthvað úr búðinni. Meðákærði Sokol hafi ekki náð að svara í símann áður en lögregla hafi komið og handtekið hann. Aðspurður um DeWalt-ryksuguna kvaðst ákærði Valmir hafa keypt hana í Costco í lok ágúst. Hann hafi átt aðra eins sem hafi eyðilagst. Aðspurður um það hvort meðákærði Sokol hafi kynnt hann fyrir „P.“ kvað hann svo vera. Hann hafi hins vegar ekki keypt bifreið af honum heldur hafi hann keypt Audi Q7 bifreið frá Bandaríkjunum sem hann hafi látið senda til Albaníu. Fyrir þá bifreið hafi hann greitt 18.000 bandaríkjadali. Vinur hans sem búí í Bandaríkjunum hafi greitt hluta kaupverðsins en ákærði Valmir millifært hluta þess af bankareikningi sínum í Albaníu.

Loks gaf ákærði Valmir skýrslu hjá lögreglu 21. október 2025 og liggja bæði lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt af frásögn hans sem og upptaka af henni frammi í málinu. Við þá skýrslugjöf var ákærði Valmir spurður frekar út í þau bifreiðaviðskipti sem hann hafi greint frá. Hann skýrði frá því að hann hafi fyrst ætla að kaupa bifreið frá Bretlandi. Kaupverðið hafi átt að vera 30.000 evrur. Það hafi svo verið hækkað og hann hætt við og frekar keypt Audi Q7 bifreið frá Bandaríkjunum. Hún hafi verið flutt beint til Albaníu. Ákærði Sokol hafi verið milliliður í þessum viðskiptum. Hann hafi átt samskipti við þá aðila sem tengst hafi þessum viðskiptum á Messenger og WhatsApp og skýrði frá nöfnum þeirra. Þá var ákærði Valmir spurður frekar út í myndina af farsíma

hans. Hann skýrði frá því að þeir meðákærði Sokol hefðu staðið í dyragættinni heima hjá sér og verið að reykja. Hann hafi ætlað að fara að heimsækja einstakling sem búi á Egilsstöðum og því flett þessu upp og sýnt meðákærða Sokol. Síðan hafi hann látið meðákærða Sokol fá farsíma sinn og farið sjálfur út að reykja. Meðákærði Sokol hljóti að hafa tekið þessa mynd þá. Aðspurður um misræmi í frásögn þeirra meðákærða Sokols um þetta atriði greindi hann svo frá því að meðákærði Sokol hafi beðið hann um að fletta þessu upp. Hann viti hins vegar ekki af hverju hann hafi ekki bara gert það sjálfur í sínum eigin síma. Þá kvaðst ákærði Valmir aldrei hafa komið nálægt neinu ólöglegu og ekki vilja neitt með slíkt hafa. Aðspurður um það hvort honum hafi þá ekki fundist óþægilegt að meðákærði Sokol stundaði sölu og dreifingu fíkniefna kvaðst hann ekkert vita um það. Hann sjái meðákærða Sokol lítið. Þá kannaðist hann aðspurður ekki við að meðákærði Sokol hafi beðið hann um að millifæra háar fjárhæðir á „Andi Zylyftari“.

14.

Loks tók lögregla þann 2. október 2025 skýrslu af O sem í upphafi var grunaður um aðild að málinu og liggja bæði lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt frásagnar hans sem og upptaka af henni frammi í málinu. O skýrði frá því að þeir ákærði Valmir væru vinir. Hann kvaðst hins vegar ekki þekkja ákærða Sokol og hvorki hafa komið að heimili þeirra ákærða Valmirs né vita hvar þeir búi. Aðspurður kvaðst hann hafa séð DeWalt-ryksuguna í bifreið ákærða Valmirs. Föstudaginn 19. september 2025 hafi þeir ákærði Valmir borðað saman hádegismat í IKEA. Almennt spjalli þeir um verkefni dagsins en þennan dag hafi ákærði Valmir ekkert viljað tjá sig um það hvað hann væri að fara að gera þrátt fyrir að O hafi ítrekað spurt hann. Ákærði Valmir hafi sótt hann um kl. 11:30 og þeir svo farið í IKEA. Þegar þeir hafi verið búnir að borða hafi O viljað fara í Costco en ákærði Valmir sagst ekki hafa tíma til þess. Honum hafi fundist ákærði Valmir vera stressaður þennan dag. Þeir hafi talað saman um kl. 16:00 og O þá beðið ákærða Valmir um að koma til sín til að setja á sig verkjaplástur en hann sagst ekki hafa tíma til þess.

15.

Í málinu liggja aukinheldur frammi ýmis önnur rannsóknargögn. Á meðal þeirra er tilvikaskýrsla lögreglumanns nr. I um ferð ákærðu Söndru frá heimili sínu í Schaaheim í Þýskalandi og þar til hún steig um borð í farþegaferjuna Norrænu í Hirtshals í Danmörku unnin út frá staðsetningargögnum á farsíma hennar og í bifreiðinni [...]. Fram kemur að umrædd rannsóknargögn styðji frásögn hennar sjálfrar um ferðalagið.

Þá er á meðal gagnanna tilvikaskýrsla lögreglumanns nr. E um viðskipti ákærða Valmirs. Í upphafi þeirrar skýrslu kemur fram að með henni sé dregið saman það sem fram hafi komið í frásögn ákærða Valmirs hjá lögreglu á rannsóknarstigi um meint bifreiðakaup hans. Rannsóknargögn málsins beri með sér að ákærði Valmir hafi millifært háar fjárhæðir bæði inn á fyrirtæki í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum sem og inn á albanskan einstakling sem lögregla telji að sé staðsettur í Bretlandi. Ákærði Valmir hafi greint frá því að hann hafi verið að leita sér að bifreið til að kaupa og flytja til Albaníu. Fyrst hafi hann ætlað að kaupa bifreið af „P.“, vini ákærða Sokols, sem búí í Bretlandi. Hann hafi millifært kaupverð bifreiðarinnar í gegnum Revolut á „P.“ Svo hafi komið í ljós að verulega kostnaðarsamt hafi verið að færa stýrið yfir á vinstri hlið bifreiðarinnar og hann því hætt við og fengið kaupverðið endurgreitt. Í síðari skýrslutöku hafi hann hins vegar breytt þessari frásögn og sagt „P.“ hafa hækkað kaupverð bifreiðarinnar og hann hætt við kaupin af þeim sökum. Síðan hafi hann fundið Audi Q7 bifreið á bifreiðasölu Gemelli's Auto Shop í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum og keypt hana fyrir 18.000 bandaríkjadali og flutt til Albaníu. Hanni hafi millifært kaupverð bifreiðarinnar á albanskan einstakling í Suður-Karólínu en ekki á bílasölu sjálfa. Hann hafi millifært af bankareikningi sínum í Union Bank í Albaníu. Sá sem hafi selt honum umrædda bifreið hafi verið vinur ákærða Sokols.

Rannsóknargögn málsins bendi til þess að frásögn ákærða Valmirs sé ekki sannleikanum samkvæm og að hluti þessara greiðslna tengist innflutningi fíkniefnanna. Við skoðun á efnisinnihaldi farsíma ákærða Valmirs hafi komið í ljós samskipti við ákærða Sokol varðandi Audi Q7 bifreið á Gemelli's Auto Shop frá því í mars 2025. Í framhaldi af því hafi svo átt sér stað samskipti þeirra á milli um kaup á þeirri bifreið sem ákærði Sokol virðist hafa haft milligöngu um, m.a. með því að leiðbeina ákærða Valmir um það hvert hann eigi að millifæra kaupverðið. Þá hafi verið skjáskot í síma hans af staðfestingu á millifærslu á 14.000 bandaríkjadöllum frá 25. apríl 2025. Hann hafi hins vegar millifært 29.968 evrur á „P.“ í gegnum Revolut-reikning sinn 23. júní 2025. Þetta komi á engan hátt saman við þá atburðarás sem ákærði Valmir hafi lýst.

Þá liggi fyrir samskipti milli þeirra ákærðu Sokols og Valmirs frá 23. júní 2025, rétt áður en ákærði Valmir hafi millifært á „P.“ Ákærði Sokol sendi ákærða Valmir skjáskot af upplýsingum „P“ og svo hljóðskilaboð í framhaldinu sem hafi verið þýdd af túlki. Í þeim hafi ákærði Sokol sagt: „Sendu fyrst 50 og sendu svo þrisvar sinnum 10.

Farðu í gegnum Revolut, þar er nafnið, sendu allt í gegnum Revolut en alls ekki með bankamillifærslu svo ekkert sjáist.“ Ákærði Valmir hafi svo tekið skjáskot af millifærslunni og sent ákærða Sokol. Ákærði Sokol hafi þegar í stað sent það skjáskot á það spænska símanúmer sem hann hafi sjálfur sagt vera símanúmer „Andi Zylyftari“ eða „He'll“. Rannsókn málsins hafi leitt í ljós að sá aðili hafi verið beintengdur aðilum í Signal-spjallhópi sem ákærða Sandra hafi verið hluti af og þar sem hún hafi fengið fyrir-mæli tengdi innflutningi fíkniefnanna. „Andi Zylyftari“ hafi verið tengiliður ákærða Sokols vegna innflutnings fíkniefnanna og m.a. gefið honum upp lykilorðið sem hann hafi átt að gefa ákærðu Söndru upp. Í framhaldi af þessari millifærslu hafi ákærði Sokol og „Andi Zylyftari“ rætt vandræði sín á milli. Þann 30. júní 2025 hafi „Andi Zylyftari“ svo sent ákærða Sokol skilaboð um að endurgreiðsla mundi berast. Í beinu framhaldi af því hafi „P.“ millifært umrædda fjárhæð á ákærða Valmir. Þann 29. júlí 2025 hafi ákærði Valmir svo millifært 40.036 evrur af Revolut-reikningi sínum inn á bankareikning sinn í Union Bank í Albaníu. Ekki hafi fengist gögn frá Union Bank í Albaníu og því sé óvitað hvað orðið hafi um umrædda fjármuni. Ákærði Valmir hafi verið staddur í Albaníu þegar umrædd millifærsla hafi verið framkvæmd. Í samskiptum ákærða Sokols og „Andi Zylyftari“ hafi komið fram að hluti greiðslunnar yrði inntur af hendi með reiðufé í Albaníu.

Enn fremur er á meðal þeirra tilvikaskýrsla lögreglumanns nr. E þar sem tekin eru upp og þýdd samskipti ákærðu Sokols og Valmirs frá því í mars og apríl 2025 varðandi kaup á áður nefndri Audi Q7 bifreið.

17.

Loks er á meðal gagnanna tilvikaskýrsla lögreglumanns nr. E um iðnaðar-ryksuguna. Í þeirri skýrslu kemur fram að ákærði Valmir hafi lagt bifreið sinni fyrir utan iðnaðarbilið að [...] og að svo búnu sótt pappakassa sem hafi innihaldið DeWalt-iðnaðarryksugu og farið með hann inn í iðnaðarbilið og skilið hann eftir. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi verið búið að opna pappakassann og opna ryksuguna. Þá hafi önnur alveg eins ryksuga einnig verið þar inni. Lögreglu gruni að til hafi staðið að setja fíkniefnin í ryksugurnar. Á vettvangi hafi ákærði Valmir neitað því að hafa farið inn í iðnaðarbilið sem hafi vakið grunsemdir lögreglu. Framburðir ákærðu um hvernig það hafi komið til að ákærði Valmir hafi farið inn með umrædda ryksugu stangist á. Aflað hafi verið upplýsinga frá Costco. Sú upplýsingaöflun hafi leitt í ljós að tvær alveg eins

DeWalt-iðnaðarryksugur hafi verið keyptar á aðildarkorti ákærða Valmirs í lok ágúst 2025 með tveggja klukkustunda millibili. Greitt hafi verið fyrir þær báðar með reiðufé.

18.

Við aðalmeðferð málsins var af hálfu ákærvaldsins lögð fram matsgerð Q, geðlæknis, dagsett 27. janúar 2023. Umræddur geðlæknir, sem er með sérhæfingu í fíknigeðlækningum, var dómkvaddur af Héraðsdómi Reykjaness 16. janúar 2023 í tengslum við mál sem var til rannsóknar hjá lögreglu á þeim tíma til að svara þremur matsspurningum. Í fyrsta lagi var honum falið að svara því með hvaða hætti ketamíns á duftformi sé almennt neytt, í öðru lagi því hvaða áhrif neysla ketamíns hafi á þann sem þess neytir og í þriðja lagi hverjir hættueiginleikar ketamíns á þann sem þess neytir séu, annars vegar til skamms tíma og hins vegar til lengri tíma. Í svörum hans kemur fram að ketamíndufts sé hægt að neyta í æð, í vöðva, um lungu um nef og um munn. Algengast sé að neyta ketamíndufts um nef þegar efnið sé notað sem vímugjafi. Bráðaáhrif ketamíns komi fram í víðtækum geðrænum einkennum, m.a. skyndtruflunum, ofskynjunum og hugrofi. Ketamínáhrif skerði hugræna getu og minni. Ketamín hafi einnig áhrif á hreyfingu og geti valdið tímabundinni lömum. Sá sem sé í bráðavímu vegna ketamíns sé í aukinni hættu á slysum og á því að verða fyrir ofbeldi. Langvinn neysla á ketamíni geti valdið líkamlegum og andlegum kvillum hjá neytandanum. Neysla ketamíns geti valdið hefðbundnu fíknihelkenni. Skaði ketamínfíknar sé metinn tiltölulega lítill miðað við mörg önnur vímuefni, minni en kannabis en meiri en Ecstasy.

Þá voru af hálfu ákærða Valmirs lagðar fram ljósmyndir af skjölum ásamt íslenskum þýðingum á þeim skjölum sem og ljósmyndir af vettvangi. Samkvæmt íslenskum þýðingum á umræddum skjölum er annars vegar um að ræða skjal sem sýnir heildarstöðu bankareiknings ákærða Valmirs hjá ótilgreindu fjármálafyrirtæki 30. desember 2025 og hins vegar skírteini tengd bifreið eða bifreiðum.

II.

*Framburðir ákærðu og vitna fyrir dómi*

1.

Ákærða Sandra kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins 8. janúar 2026 og viðurkenndi skýlaust að hafa gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök. Við aðalmeðferð málsins áréttaði hún þá afstöðu sína. Þá skýrði hún frá því að hún hafi verið nauðbeygð til að flytja umrædd fíkniefni til landsins. Sonur hennar hafi verið handtekinn í Frakklandi í júlímánuði síðastliðnum og hún hafi þurft að fara í þessa ferð til að afla

fjár til að greiða lögmannskostnað hans. Upphaflega hafi henni verið sagt að hún þyrfti að fara í frí vegna þess sem á hefði gengið og að hún ætti að sækja bifreið til Berlínar til að fara á. Henni hafi verið sagt að skrá bifreiðina á sitt nafn. Þegar hún hafi verið búin að gera það hafi henni verið sagt að hún væri ekki bara að fara í frí heldur ætti hún einnig að leysa ákveðið verkefni af hendi. Hún hafi ekki viljað gera það en hafi þá verið sagt að bifreiðin væri útbúin þannig að fylgst væri með henni. Um hættulegt fólk sé að ræða og hún hafi því verið hrædd. Hún hafi verið hrædd um að þetta fólk skaðaði son hennar sem sitji í fangelsi í Frakklandi. Henni hafi verið sagt hvert hún ætti að aka og henni látnar í té 4.000 evrur fyrir gisti- og ferðakostnaði. Annað hvort 12. eða 13. september hafi hún fengið leiðbeiningar um að fara til Hollands og sækja fíkniefnin. Þegar hún hafi verið komin þangað sem henni hafi verið sagt að fara hafi verið komið með stóra tösku og henni sagt að aka á eftir öðrum bíl. Þau hafi svo numið staðar og henni verið sýnt hvernig hún ætti að ganga frá fíkniefnunum í bifreiðina sem hún hafi svo gert. Fylgst hafi verið með henni á meðan hún hafi verið að koma efnunum fyrir. Svo hafi hún keyrt til Danmerkur og farið í ferjuna. Hún hafi verið stöðvuð af tollinum við komu hingað til lands og leitað hafi verið í bifreið hennar. Það hafi tekið fjórar og hálfu klukkustund. Settur hafi verið búnaður í bifreiðina án hennar vitundar. Hún hafi svo skráð sig inn á gistiheimili og látið vita inni í spjallhópnum að hún væri komin. Fyrst hafi henni verið sagt að fíkniefnin yrðu sótt þangað og að hún gæti notað það sem eftir lifði ferðar til að gera það sem hún vildi. Svo hafi hún fengið skilaboð um að fíkniefnin yrðu ekki sótt og að hún þyrfti að aka með þau á höfuðborgarsvæðið 19. september. Hún hafi orðið fúl. Hún hafi fengið heimilisfang sent og ekið þangað. Þar hafi meðákærði Sokol setið í bifreið og vinkað henni. Henni hafi verið sagt að láta hann gefa upp lykilorð. Meðákærði Sokol hafi hringt myndsímtal í annan mann sem hafi látið hann hafa lykilorðið. Hann hafi svo sagt henni að elta sig sem hún hafi gert. Þau hafi ekið að iðnaðarbilinu og hún ekið sinni bifreið þar inn. Meðákærði Sokol hafi spurt hana hvort það væri nokkuð eftirfarar- búnaður í bifreiðinni eða hvort einhver hafi elt hana. Hann hafi látið hana hafa poka og beðið hana um að taka efnin úr bifreiðinni og setja í pokann. Svo hafi sími meðákærða Sokols hringt og hann svarað og að svo búnu sagt að lögregla væri komin og að hún ætti að setja efnin aftur í bifreiðina. Áður en hún hafi byrjað að taka efnin úr bifreiðinni hafi hann rétt henni seðlabúnt. Því fé hafi verið ætlað að standa undir kostnaði hennar við ferðina. Svo hafi lögregla komið og þau verið handtekin.

Aðspurð um það hvort hún viti hverjir það séu sem hafi fengið hana til að fara í þessa ferð kvaðst ákærða Sandra ekki vita það. Búið hafi verið að bæta henni við spjallhópin Driver 1.0 þegar hún hafi fengið símann í hendur frá þeim sem hafi sett hann upp. Hún hafi keypt símann sjálf. Aðspurð um það hvort hún hafi greitt eitthvað fyrir bifreiðina kvað hún svo ekki vera. Þegar hún hafi fengið bifreiðina í hendur hafi verið búið að útbúa leynihólfin. Henni hafi hins vegar ekki verið sagt frá því fyrr en eftir að hún hafi verið búin að skrá bifreiðina á sitt nafn. Þá hafi hún einnig fengið leiðbeiningar í myndsímtali um það hvernig ætti að opna leynihólfin. Aðspurð kvaðst ákærða Sandra sjálf hafa bókað miða í ferjuna. Henni hafi verið sagt að bóka miða í þessa tilteknu ferð. Þá kvaðst hún aðspurð ekki hafa hugmynd um það hvaða fólk þetta sé sem hún hafi verið í samskiptum við í tengslum við ferðina. Aðspurð kvaðst hún hafa átt að fá 2.000 til 3.000 evrur greiddar þegar hún væri komin aftur til Þýskalands. Nánar aðspurð um atburðarásina þegar þau meðákærði Sokol hafi verið komin í iðnaðarbilið kvaðst ákærða Sandra hafa byrjað á því að fara á salernið. Svo hafi hann rétt henni seðlabúntið. Því næst hafi hann spurt hana áður nefndra spurninga. Hún hafi svo opnað leynihólfin og hann rétt henni poka og sagt henni að setja efnin í hann. Þegar hún hafi verið byrjuð að taka efnin úr bifreiðinni hafi hann fengið símtal og sagt henni að setja efnin aftur á sinn stað þar sem lögregla væri komin. Aðspurð kvaðst ákærða Sandra ekki hafa beðið um ryksugu. Þá kvaðst hún ekki hafa séð hver hafi komið með ryksuguna. Aðspurð kvaðst ákærða Sandra ekki muna hvort hún hafi einhvern tímann talað við „EL VENUM“ í síma. Aðspurð um það hvort hún hafi þekkt manninn sem meðákærði Sokol hafi verið í myndsímtali við fyrir utan verslun Fjarðarkaupa kvaðst hún ekki hafa þekkt hann. Þá hafi þeir talað saman á tungumáli sem hún hafi ekki þekkt. Aðspurð kvaðst ákærða Sandra hafa átt í mestum samskiptum við „EL VENUM“ og „Wano Patek“ í spjallhópnum. Hún hafi eytt öllum fyrri samskiptum í spjallhópnum þegar hún hafi verið stöðvuð í tollinum.

## 2.

Ákærði Sokol kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og neitaði sök. Við aðalmeðferð málsins áréttaði hann þá afstöðu sína. Þá skýrði hann frá því að hann sé búinn að búa hér á landi í þrjú og hálf ár og starfi sem málari hjá Reykjavíkurborg. Tengsl hans við meðákærðu Söndru séu engin en hann sé búinn að þekkja meðákærða Valmir lengi. Þeir búi saman. Meðákærði Valmir hafi átt fasteign á Akranesi sem hann hafi selt. Hann hafi verið að leita sér að húsnæði á höfuðborgarsvæðinu og ákærði Sokol því boðið honum aukaherbergi sem hann hafi verið með. Þá kvaðst ákærði Sokol vera

fórnarlamb í þessu máli. Hann hafi fengið skilaboð frá „Andi Zylyftari“ sem hafi sagt honum að það væri maður á leið til hans með bifreið sem þyrfti að gera við. Hann hafi ekki átt neina aðkomu að innflutningi þessara fíkniefna. Hann hafi verið notaður. Þeir „Andi“ hafi átt í margvíslegum samskiptum um allt og ekkert í heilt ár. „Andi“ hafi sagt honum alls konar lygasögur um fíkniefnainnflutning. Stundum hafi hann sent frændfólk sitt eða vinafólk hingað til lands til að taka á móti pökkum og beðið ákærða Sokol um að láta það fólk fá pening fyrir mat og öðrum nauðsynjum. Þennan dag hafi ákærði Sokol átt að taka á móti þessum manni á bílplaninu við Fjarðarkaup og fara með bílinn í iðnaðarbilið. „Andi“ hafi sagt honum að sá sem væri að koma væri Albani með falsað grískt vegabréf. Svo hafi enginn karlmaður verið þar. Það hafi átt að vera einhver fæðubótarefni í bifreiðinni. Hann hafi hins vegar ekki vitað neitt meira um það. Samskiptin milli hans og meðákærðu Söndru hafi verið undarleg. „Andi“ hafi sagt honum að það ættu að koma karl og kona á bifreið með spænskum númeraplötum. Hann hafi því hringt í „Andi“ og „Andi“ þá sagt honum að númeraplöturnar á bifreiðinni væru þýskar. Þá hafi hann séð meðákærðu Söndru og þau vinkað hvort öðru. Hún hafi komið að bifreið hans á meðan hann hafi enn verið í myndsímtali við „Andi“. Hann hafi snúið símanum að meðákærðu Söndru svo hún gæti talað við „Andi“. Svo hafi hún farið aftur í sína bifreið og hann spurt „Andi“ hvað væri um að vera. Svo hafi meðákærða Sandra komið aftur og „Andi“ gefið henni upp lykilorð. Þeir „Andi“ hafi svo haldið áfram að rífast. „Andi“ hafi svarið að þetta væru bara töflur. Sjálfur hafi hann á engan hátt áttað sig á því hvað væri um að vera. Hann hafi átt von á karli og ungri konu. Svo hafi komið gömul kona. „Andi“ hafi hóttað honum og sagt honum að fara með bifreiðina í iðnaðarbilið þar sem töflurnar væru undir bifreiðinni. Svo hafi meðákærða Sandra ekið á eftir honum að iðnaðarbilinu. Hann hafi rétt meðákærðu Söndru þessar 290.000 krónur sem hann hafi átt að afhenda ungu konunni. „Andi“ hafi beðið hann um að spyrja meðákærðu Söndru út í ferðalagið og hann því gert það. Hann hafi klætt sig í hanska þar sem töflurnar hafi átt að vera undir bifreiðinni. Meðákærða Sandra hafi beðið hann um ryksugu og hann því spurt meðákærða Valmir hvort hann gæti lánað honum ryksugu sem hann hafi gert. Hann hafi ekki talað við meðákærða Valmir í síma eftir að hann hafi farið inn í iðnaðarbilið. Meðákærða Sandra hafi viljað fá símann hans til að nota vasaljósið á honum. Hún hafi því haldið á símanum þegar meðákærði Valmir hafi hringt í hann rétt áður en þau hafi verið handtekin. Aðspurður kvað ákærði Sokol „Andi“ og „He'll“ vera einn og sama manninn. Þá kvað hann „P.“ vera frænda „Andi“ sem búi í Bretlandi. Aðspurður kvaðst

hann ekki hafa vitað að fíkniefni væru í bifreiðinni og í raun ekki hafa grunað neitt fyrr en meðákærða Sandra hafi beðið um lykilorð.

Þá kvaðst ákærði Sokol aðspurður aldrei hafa sagt meðákærða Valmir frá samskiptum sínum við „Andi“. Hann hafi ekki haft hugmynd um að til stæði að flytja fíkniefni til landsins og því eðli máls samkvæmt ekki greint meðákærða Valmir frá því eða meðákærði Valmir fjármagnað nokkuð slíkt. Þeir meðákærði Valmir hafi átt samskipti vegna bifreiðakaupa þar sem greiðsla kaupverðs hafi verið rædd. Þá kvaðst ákærði Sokol aðspurður hafa flett upp leiðinni frá Egilsstöðum að [...] í síma meðákærða Valmirs án hans vitundar. Þá kvaðst hann aðspurður ekki hafa sagt meðákærða Valmir af hverju hann hafi viljað fá ryksuguna lánaða né heldur hafa beðið hann um að standa vörð utan við iðnaðarbilið að [...]. Hann hafi ekki svarað í símann þegar meðákærði Valmir hafi hringt í hann rétt áður en þau hafi verið handtekin þar sem meðákærða Sandra hafi haldið á símanum. Hann hafi því ekki fengið neina viðvörðun frá meðákærða Valmir og ekki vitað að lögregla væri komin á vettvang. Þegar hann hafi séð hvað var í bifreiðinni hafi hann ekki viljað vera þarna lengur og því sagt við meðákærðu Söndru: „Please, put it back.“ Aðspurður um samskipti sín við „He'll“ um ferðatösku kvað hann þau í reynd hafa snúist um ferðatösku. Þá kvað hann samskipti sín við „Andi“ eða „He'll“ heilt yfir ekki hafa haft neitt með þetta mál að gera. Yfirleitt hafi þau bara snúist um einhverjar lygasögur „Andi“. Hann hafi talað um fíkniefni en það hafi bara verið einhver vitleysa. Þá kvað hann samskipti um greiðslu 23. júní hafa snúist um bifreiðakaup. Aðspurður um ljósmyndina af síma meðákærða Valmirs þar sem búið hafi verið að fletta upp leiðinni frá Egilsstöðum að [...] kvaðst hann hafa sent „Andi“ þessa mynd. „Andi“ hafi beðið hann um að fletta þessu upp og senda sér. Aðspurður um ryksuguna sem fundist hafi í sameiginlegu rými íbúðarluta húsnæðisins að [...] og það sem í henni hafi verið kvað ákærði Sokol aðra Albani eiga þessa ryksugu. Hann hafi ekki viljað segja til þeirra. Þá kvaðst hann aðspurður hafa aðstoðað meðákærða Valmir við bifreiðakaup. Þeir séu búnir að þekkjast lengi og treysti hvor öðrum. Fjármunirnir sem hafi verið millifærðir 23. júní hafi verið vegna bifreiðakaupa. Svo hafi hann glatað trausti á seljanda bifreiðarinnar og fjármunirnir því verið endurgreiddir. Aðspurður um það hvort meðákærði Valmir sé vinurinn sem búinn hafi verið að millifæra á albanska reikninginn sem þeir ákærði Sokol og „He'll“ hafi rætt um í samskiptum sínum 16. september 2025 kvað ákærði Sokol svo ekki vera. Þau samskipti hafi ekkert með þetta mál að gera. Aðspurður um samskipti þeirra „Andi“ um að einn borgi með reiðufé í Albaníu, annar í gegnum crypto og sá þriðji

með reiðufé hér landi 30. júní 2025 og hvort meðákærði Valmir hafi verið sá sem hafi átt að greiða með reiðufé í Albaníu kvað ákærði Sokol þau samskipti ekki hafa haft neitt með meðákærða Valmir að gera.

### 3.

Ákærði Valmir kom einnig fyrir dóminn við þingfestingu málsins og neitaði sök. Við aðalmeðferð þess áréttaði hann þá afstöðu sína. Þá skýrði hann frá því að hann sé búinn að búa á Íslandi í átta ár og starfi við pípulagningar. Hann sé íslenskur ríkisborgari. Yngsti bróðir hans búi einnig hér á landi. Tengsl hans við meðákærðu Söndru séu engin en þeir meðákærði Sokol séu vinir og búi saman. Þá kvaðst ákærði Valmir ekki tengjast þessu máli á neinn hátt. Þetta hafi bara verið eins og hver annar dagur. Þegar hann hafi verið á leið heim úr vinnunni hafi meðákærði Sokol hringt í hann og beðið hann um að koma með ryksugu sem hann hafi verið með í bifreið sinni. Hann hafi skilið ryksuguna eftir og sest aftur inn í bifreið sína og hringt í tvo vini sem hvorugur hafi svarað. Svo hafi hann hringt í meðákærða Sokol til að spyrja hvað hann ætti að hafa í matinn. Þá hafi lögregla komið og handtekið hann. Hann hafi strax látið lögreglu í té aðgangsorðið að símanum sínum enda hafi hann ekkert að fela. Þegar hann hafi komið með ryksuguna hafi meðákærði Sokol verið einn inni í iðnaðarbilinu. Hann hafi ekki séð meðákærðu Söndru. Hann hafi ekki spurt meðákærða Sokol af hverju hann vildi fá ryksuguna. Aðspurður kvaðst hann hafa keypt ryksuguna í Costco í lok ágúst. Aðspurður kvaðst hann ekki þekkja „Andi Zylyftari“, „He'll“ eða „EL VENUM“. Þá skýrði hann frá því að millifærslan 23. júní hafi verið vegna bifreiðakaupa. Hann hafi ætlað að kaupa Porsche-bifreið. Seljandinn hafi svo hækkað verðið og hann því hætt við og fengið endurgreitt. Meðákærði Sokol hafi aðstoðað hann við þessi bifreiðakaup. Hann hafi áður keypt bifreiðar með aðstoð hans. Þessi millifærsla hafi því ekki haft neitt með innflutning fíkniefna að gera. Hann hafi áður keypt Audi Q7 bifreið með aðstoð meðákærða Sokol. Þá liggi þær 40.000 evrur sem hann hafi millifært inn á reikning sinn í Albaníu 29. júlí enn á reikningi hans þar. Hann hafi verið í Albaníu þegar hann hafi framkvæmt þá millifærslu. Aðspurður neitaði ákærði Valmir því alfarið að hafa fjármagnað innflutninginn með greiðslu reiðufjár til einhvers í Albaníu. Hann hafi aldrei komið nálægt nokkru slíku. Aðspurður kvaðst hann hvorki hafa séð leynihólfín í bifreið meðákærðu Söndru né fíkniefnin. Hann hafi lagt kassann með ryksugunni frá sér við dyrnar. Þá kvað hann af og frá að meðákærði Sokol hafi beðið hann um að standa vörð fyrir utan. Um það nægi að vísa til þess að bifreið hans hafi verið þannig staðsett að hann

hafi ekkert séð. Þá hafi meðákærði Sokol ekki svarað í símann þegar hann hafi hringt í hann og hann því eðli máls samkvæmt ekki varað hann við. Hann hafi svo alls ekki eytt því símtali út úr símtalskránni í síma sínum enda hafi meðákærði Sokol ekki svarað. Hann kunni því enga aðra skýringu á því af hverju svo virðist vera en þá að lögregla hafi gert það fyrir mistök. Þá kvaðst hann aðspurður ekki hafa hugmynd um það hvernig mynd af hans síma hafi endað í síma meðákærðu Söndru. Meðákærði Sokol hafi beðið hann um að fletta þessu upp sem hann hafi gert og að svo búnu rétt meðákærða Sokol símann og farið sjálfur út að reykja. Aðspurður kvaðst ákærði Valmir ekki hafa átt þá ryksugu sem fundist hafi við leit í sameiginlegu rými íbúðarhluta húsnæðisins að [...] og ekkert vita um það sem verið hafi í henni. Þá kvaðst hann ekkert vita um samskipti meðákærða Sokols og „Andi Zylyftari“ eða „He´ll“. Aðspurður kvaðst ákærði Valmir ekki vita hver hafi átt hina DeWalt-ryksuguna sem verið hafi inni í iðnaðarbilinu. Hina ryksuguna sem keypt hafi verið með Costco-korti hans í lok ágúst hafi bróðir hans keypt og hún sé því hjá honum.

4.

R, verkefnastjóri hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, gaf vitnaskýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað, staðfesti framlagðar matsgerðir rannsóknastofunnar, dagsettar 2. og 6. október 2025, sem fjallað er um í kafla I.4. hér að framan, og gerði grein fyrir og svaraði spurningum um efni þeirra. Aðspurður kvað hann rannsóknastofuna eingöngu hafa greint og styrkleikamælt þau efnissýni sem hún hafi fengið send. Ekki eru efni til að rekja frekar það sem fram kom í vitnisburði hans.

5.

Þá gáfu vitnaskýrslur fyrir dómi tollverðir nr. B og nr. S, tollvörður nr. B í gegnum fjarfundarbúnað, sem og sérfræðingar lögreglu nr. T og nr. U (skráð í skýrslu sem nr. N), og gerðu hver um sig grein fyrir aðkomu sinni að málinu, staðfestu þær skýrslur sem frá þeim stafa og svöruðu spurningum um efni þeirra og annað viðvíkjandi aðkomu þeirra að málinu. Ekki eru efni til að rekja sérstaklega það sem fram kom í vitnisburði þeirra.

6.

Enn fremur gáfu vitnaskýrslur fyrir dómi lögreglumenn nr. G, nr. K, nr. H, nr. C, nr. D, nr. F, nr. I, nr. E og nr. J, lögreglumaður nr. C í gegnum fjarfundarbúnað, og gerðu hver um sig grein fyrir aðkomu sinni að málinu, staðfestu þær skýrslur sem frá þeim stafa og svöruðu spurningum um efni þeirra og annað viðvíkjandi rannsókn málsins.

Í vitnisburði lögreglumanns nr. G kom m.a. fram að hann hafi tekið þátt í skyggingu ákærðu Söndru sem og handtöku sem og öðrum aðgerðum á vettvangi. Hann skýrði frá því að svo til um leið og lögregla hafi komið á vettvang að [...] hafi ákærði Sokol opnað dyrnar og verið handtekinn. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa tekið eftir því hvort bifreið ákærða Valmirs hafi verið í gangi þegar lögregla hafi komið á vettvang. Þá kvaðst hann ekki muna hvernig bifreiðin hafi snúið.

Í vitnisburði lögreglumanns nr. K kom m.a. fram að hann hafi rannsakað efnisinnihald farsíma ákærða Sokols. Þau samskipti sem tekin séu upp í skýrslum hans þar um séu það sem hafi fundist við þá rannsókn. Búið hafi verið að eyða einhverju af samskiptum. Þá skýrði hann frá því að lögreglu hafi þrátt fyrir rannsóknaraðgerðir ekki tekist að finna „Andi Zylyftari“. Lögregla telji því að um tilbúið nafn sé að ræða. Sérstaklega aðspurður um samskipti ákærða Sokol og „He'll“ skýrði hann frá því að samhengið skiljist í raun ekki nema þau séu skoðuð heildstætt og með hliðsjón af öðrum fyrirbyggjandi rannsóknargögnum. Einnig skýrði hann frá því að hann hafi rannsakað efnisinnihald beggja farsíma ákærða Valmirs. Það sem tilgreint sé í skýrslum hans þar um sé það sem fundist hafi við þá rannsókn. Það hafi vakið athygli lögreglu að farsímanotkun ákærða Valmirs hafi verið í hámarki dagana áður en ákærðu voru handtekin. Þá hafi engin gögn fundist í farsímum hans sem styðji að millifærsla á „P.“ þann 23. júní hafi tengst bifreiðavíðskiptum. Þá greindi hann frá því að lögreglu hafi þrátt fyrir rannsóknaraðgerðir ekki tekist að finna „P.“

Í vitnisburði lögreglumanns nr. H kom m.a. fram að hann hafi tekið þátt í handtöku ákærða Valmirs sem og leitum og öðrum aðgerðum á vettvangi. Hann skýrði frá því að ákærði Valmir hafi verið með símann í hendinni við handtöku. Bifreið hans hafi verið lagt við innganginn og framendi hennar snúið að húsinu. Hann hafi hins vegar haft yfirsýn úr ökumannssæti hennar. Þá greindi hann frá því að bifreiðin hafi verið í gangi.

Í vitnisburði lögreglumanns nr. F kom m.a. fram að hann hafi stjórnað aðgerðum á vettvangi. Hann hafi fylgst með þeim úr stjórnstöð í gegnum eftirlitsdróna auk þess sem þeir lögreglumenn sem verið hafi á staðnum hafi gefið reglulegar stöðuuppfærslur í gegnum talstöð. Þá hafi verið hlustunarbúnaður í bifreiðinni sem hafi bæði tekið upp og miðlað því sem fram fór inni í iðnaðarbilinu til lögreglumanna á vettvangi í rauntíma. Ákærði Valmir hafi setið í bifreið sinni fyrir utan og virst vera að fylgjast með. Ekkert hafi hindrað sjónlínu hans enda hafi hann séð lögreglu koma, hringt í ákærða Sokol og

varað hann við líkt og bæði frásögn ákærðu Söndru sem og hljóðupptaka úr hlustunarbúnaði bifreiðarinnar staðfesti. Af umræddri hljóðupptöku sé skýrt að ákærði Sokol hafi sagt „Police, put it back“ líkt og fram komi í viðkomandi upplýsingaskýrslu en ekki „Please, put it back“.

Í vitnisburði lögreglumanns nr. I kom m.a. fram að hann hafi verið yfirrannsakandi málsins. Hann hafi m.a. rannsakað efnisinnihald farsíma ákærðu Söndru. Þau samskipti sem tekin séu upp í skýrslum hans um samskipti hennar við „EL VENUM“ annars vegar og í spjallhópnum Driver 1.0 hins vegar séu það sem hafi fundist við þá rannsókn af slíkum samskiptum. Búið hafi verið að eyða bæði símtölum og samskiptum af símanum. Lögreglu hafi ekki tekist að bera kennsl á „EL VENUM“ og viti ekki hvort „EL VENUM“ og „Andi Zylyftari“ eða „He'll“ og jafnvel „Wano Patek“ séu allt einn og sami aðilinn. Þá hafi hann m.a. rannsakað bifreiðina [...]. Þær breytingar sem gerðar hafi verið hafi augljóslega verið unnar af sérfræðingi líkt og nánar sé rakið í skýrslu hans þar að lútandi. Þá skýrði hann frá því að það sem liggja fyrir sé að ákærða Sandra hafi komið með fíkniefnin hingað til lands og að ákærði Sokol hafi tekið á móti henni og látið hana hafa fjármuni. Þau hafi svo farið saman í iðnaðarbilið að [...]. Þangað hafi ákærði Valmir komið með ryksugu. Önnur alveg eins ryksuga hafi verið á staðnum fyrir og lögregla telji að ætlunin hafi verið að setja fíkniefnin í ryksugurnar. Sú ályktun sé m.a. byggð á því að í sameiginlegu rými í íbúðarhluta húsnæðisins hafi fundist ryksuga með íblöndunarefni, grammavog og smelluláspokum inni í. Ákærði Valmir hafi svo sest aftur út í bíl og fylgst með. Ákærðu Sokol og Valmir búi saman að [...]. Þá liggja auðvitað fyrir þau umfangsmiklu gögn sem fundist hafi við rannsókn á efnisinnihaldi farsíma ákærðu.

Í vitnisburði lögreglumanns nr. E kom m.a. fram að hann hafi komið að rannsókn málsins allt frá upphafi og tekið þátt í aðgerðum á vettvangi. Nánast á sama tíma og lögregla hafi látið til skara skriða á vettvangi hafi ákærði Sokol opnað dyrnar og verið þá í bláum latexhönskum. Hann hafi virst vera í geðshræringu. Miðað við það hvernig bifreið ákærða Valmirs hafi verið staðsett séu allar líkur á því að hann hafi séð lögreglu koma að húsinu. Þá hafi hann m.a. komið að rannsókn á efnisinnihaldi farsíma ákærða Sokols og tekið saman skýrslu um samskipti hans við „He'll“ sem virðist vera sami aðili og „Andi Zylyftari“. Samskipti þeirra hafi í meginatriðum snúist um fíkniefni og greiðslur. Ekki sé hægt að segja til um hversu margar sendingar þeir hafi rætt sín á milli. Erfitt sé að fá heildstæða mynd þar sem þeir hafi einnig ræðst mikið við í síma. Einnig hafi hann m.a. rannsakað viðskipti ákærða Valmirs líkt og fram komi í tilvikaskýrslu

hans þar að lútandi. Í henni hafi verið reynt að gera heildstæða grein fyrir þeim millifærslum ákærða Valmirs sem virst hafi tengjast ákærða Sokol á einhvern hátt. Frásögn ákærða Valmirs viðvíkjandi þessum millifærslum og öðru hafi verið mjög breytileg. Þá hafi frásögn hans um tímaröð atvika á engan hátt komið heim og saman við fyrirliggjandi gögn. Hann hafi millifært 40.000 evrur af Revolut-reikningi sínum inn á reikning í Albaníu. Þar hverfi þeir fjármunir úr auglýsningu lögreglu. Lögregla hafi óskað eftir gögnum frá Albaníu með réttarbeiðni en þeirri beiðni hafi ekki verið svarað. Í samskiptum ákærða Sokols og „Andi Zylyftari“ eða „He'll“ komi fram að hluti greiðslu skuli inntur af hendi með reiðufé í Albaníu. Ákærði Valmir hafi verið staddur þar þegar framangreind millifærsla hafi verið framkvæmd. Aðspurður kvað hann lögreglu ekki draga það sérstaklega í efa að ákærði Valmir hafi átt í einhverjum bifreiðaviðskiptum í Bandaríkjunum í apríl 2025. Það sé hins vegar augljóst að þær millifærslur sem framkvæmdar hafi verið í júní og júlí 2025 hafi ekki tengst þeim bifreiðaviðskiptum enda hafi þau þá verið um garð gengin. Þá kvað hann aðspurður rannsókn lögreglu ótvírætt gefa til kynna að ákærði Valmir hafi átt þátt í umræddum innflutningi. Ákærði Sokol hafi annast skipulagningu hans og verið í samskiptum við óþekkta erlenda aðila í tengslum við þá skipulagningu. Ákærði Valmir hafi aftur á móti fjármagnað hann auk þess sem hann hafi tekið þátt í móttöku efnanna. Hann hafi m.a. staðið vörð fyrir utan húsnæðið að [...] og gert ákærða Sokol viðvart þegar lögregla hafi komið á vettvang auk þess sem hann hafi komið með ryksuguna. Þá hafi hann flett ferðaleið frá Egilsstöðum að [...] upp í síma sínum. Loks hafi hann svo millifært fjármuni á „P.“ að beiðni ákærða Sokols auk þess sem hann hafi líkt og áður greinir millifært háa fjárhæð inn á reikning sinn í Albaníu. Að endingu hafi frásögn hans um þessi atriði verið margbreytileg. Allt gefi þetta þá heildarmynd að ákærði Valmir hafi átt þátt í þessum innflutningi. Loks kvað hann aðspurður hafa verið búíð að taka í sundur ryksuguna sem ákærði Valmir hafi komið með þegar lögregla hafi komið á vettvang. Lögregla telji að ætlunin hafi verið að koma efnunum fyrir í henni. Þá hafi svör ákærðu um það hvernig það hafi komið til að ákærði Valmir hafi komið með ryksugu á staðinn verið öll á skjön.

Í vitnisburði lögreglumanns nr. J kom m.a. fram að hann hafi verið á bakvakt hjá tæknideild lögreglu þegar umrætt mál hafi komið upp. Hann hafi tekið ljósmyndir við leit í bifreiðinni [...] og af þeim efnunum sem í henni voru. Þá hafi hann farið með efnin til greiningar á tæknideild. Allar pakkningarnar hafi verið efnagreindar og gefið sömu svörun, ýmist á ketamín eða MDMA-kristalla. Þess vegna hafi einungis hluti þeirra verið

sendur til nánari greiningar og styrkleikamælingar hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði.

Umfram það sem að framan greinir eru ekki efni til að rekja sérstaklega það sem fram kom í vitnisburði umræddra lögreglumanna.

7.

Loks gaf V, bróðir ákærða Valmirs, vitnaskýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Hann skýrði frá því að hann starfi við pípulagnir. Þá greindi hann frá því að í lok ágúst 2025 hafi hann keypt ryksugu í Costco á aðildarkorti ákærða Valmirs.

III.

*Málatilbúnaður ákæruvaldsins og ákærðu*

1.

Af hálfu ákæruvaldsins er byggt á því að komin sé fram lögfull sönnun um að ákærðu hafi gerst sek um þá háttsemi sem þeim sé gefin að sök í ákæru. Ákærða Sandra hafi undanbragðalaust viðurkennt að hafa viðhaft þá háttsemi sem henni sé gefin að sök. Ákærðu Sokol og Valmir hafi aftur á móti neitað sök. Sú sakarneitun og bæði framburðir þeirra fyrir dómi sem og frásögn þeirra á rannsóknarstigi eigi sér ekki stoð í umfangsmiklum rannsóknargögnum málsins. Þá hafi frásagnir þeirra beggja hjá lögreglu á rannsóknarstigi verið margbreytilegar um fjölmörg atriði auk þess sem þeir hafi báðir um sumt borið á annan veg fyrir dómi. Enn fremur sé umtalsvert misræmi á milli frásagna og framburða þeirra tveggja um ýmis atriði. Nokkuð hafi þó dregið úr því eftir að einangrun hafi verið aflétt. Hvorki gæti því innra né ytra samræmis í framburðum ákærðu Sokols og Valmirs og þeir því verulega ótrúverðugir. Ákæruvaldið telji því sýnt að ákærðu Sokol og Valmir hafi viðhaft þá háttsemi sem þeim sé gefin að sök. Umrætt brot hafi ákærðu framið í félagi. Það sé samverknaður þegar tveir eða fleiri hafa samvinnu eða samtök um framkvæmd refsiverðs verknaðar. Þótt samverkamenn teljist allir aðalmenn í afbroti geti þátttaka þeirra verið verkskipt aðild líkt og algengt sé við fíkniefnalagabrot og verið hafi í þessu tilviki. Sú aðferð sem beitt hafi verið við innflutning fíkniefnanna, að notast við milliliði og skipta hlutverkum, sé þekkt og hafi þann tilgang að koma því til leiðar að fíkniefnin fari á milli landa frá sendanda til endanlegs móttakanda án þess að löggæsluyfirvöld komist á snoðir um málið eða aðila þess. Algengt sé að milliliðir viti einungis hvert þeirra hlutverk sé en þekki ekki til annarra í keðjunni. Þá sé dómaframkvæmd skýr um það að jafnvel þótt því sé teflt fram að ákærði hafi ekki haft vitneskju um magn og eftir atvikum tegund og styrkleika fíkniefna sem um ræði sé allt

að einu um ásetningsbrot að ræða og þá í öllu falli um lægsta stig ásetnings eða dolus eventualis. Loks sé útilokað annað en að umrædd fíkniefni hafi verið flutt hingað til lands til söludreifingar í ágóðaskyni, hvort heldur sem er í heildsölu eða smásölu. Að öllu þessu virtu telji ákærvaldið hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærðu hafi gerst sek um þá háttsemi sem þeim er gefin að sök og því beri að sakfella þau samkvæmt ákæru.

## 2.

Af hálfu ákærðu Söndru er þess krafist að henni verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Hún hafi allt frá upphafi gengist við broti sínu og gert allt sem í hennar valdi hafi staðið til að leggja rannsókn lögreglu lið. Hún hafi hvorki átt þátt í skipulagningu né fjármögnun innflutningsins og hennar eina hlutverk hafi verið að koma með fíkniefnin hingað til lands sem hún hafi gert nauðbeygð af ótta um son sinn. Þá hafi hún átt að fá óverulega greiðslu fyrir og því augljóst að tilgangur hennar hafi ekki verið fjárhagslegur. Loks verði að taka mið að hættueiginleikum þeirra efna sem um sé að ræða. Samkvæmt framlagðri matsgerð séu hættueiginleikar ketamíns óverulegir í samanburði við ýmis önnur fíkniefni. Með hliðsjón af því sem þar komi fram sé við ákvörðun refsingar nærtækast að taka mið af dómaframkvæmd í málum sem varða innflutning á kannabis.

## 3.

Af hálfu ákærða Sokols er byggt á því að það sé með öllu ósannað að hlutverk hans og meint aðkoma að innflutningi umræddra fíkniefna hafi verið með þeim hætti sem ákærvaldið vilji vera láta. Að beiðni „Andi Zylyftari“ eða „He´ll“ hafi hann tekið á móti ákærðu Söndru, látið hana fá fjármuni og veitt henni aðgang að iðnaðarbilinu að [...]. Hann hafi ekki haft hugmynd um að fíkniefni væru í bifreið hennar og enga aðkomu átt að skipulagningu þess innflutnings. Þau samskipti sem hann hafi átt við „Andi Zylyftari“ eða „He´ll“ hafi á engan hátt lotið að þessum innflutningi og ákærvaldið hafi ekki fært sönnur á hið gagnstæða. Þá hafi ákærði Sokol engar greiðslur innt af hendi eða haft milligöngu um slíkt en það liggi í hlutarins eðli að kaupverð á svo miklu magni fíkniefna sé verulegt. Sú greiðsla sem hafi verið innt af hendi í júní 2025 hafi skilað sér til baka og því augljóslega ekki haft neitt með umræddan innflutning að gera. Að mati ákærða Sokols blasi við að „Andi Zylyftari“ eða „He´ll“ hafi í reynd verið eigandi þessara efna. Þá hafi hugsanleg smásala ákærða Sokols á fíkniefnum ekkert með þetta mál að gera. Ekkert hafi komið fram við rannsókn lögreglu sem bendi til að ákærði Sokol hafi átt von á svo miklu magni fíkniefna eða hann hafið undirbúning að sölu þeirra og dreifingu. Þvert á móti bendi allt til þess að hann hafi ekki haft hugmynd um hvað hafi verið í

vændum. Þannig hafi þeir sem í reynd hafi staðið að umræddum innflutningi komið á hann sök. Það sé því á engan hátt sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði Sokol hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum sé gefin að sök. Standi því engin rök til annars en að sýkna hann. Í öllu falli geti aðild hans aldrei verið önnur en hlutdeild.

4.

Af hálfu ákærða Valmirs er byggt á því að það sé með öllu ósannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum sé gefin að sök. Sönnunarbyrði þar um hvíli á ákæruvaldinu og sú sönnun hafi ekki tekist. Ákærði Valmir verði ekki látinn bera hallann af því að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að upplýsa málið. Það sem ákæruvaldið byggir á um aðild hans séu ekkert annað en getgátur. Ákærði Valmir hafi gefið trúverðugar skýringar á öllum þeim millifærslum af reikningum hans sem til rannsóknar hafi verið og ákæruvaldið hafi á engan hátt sýnt fram á að hann hafi átt nokkurn þátt í fjármögnun umrædds fíkniefnainnflutnings. Þá hafi hann frá upphafi neitað því að hafa varað meðákærða Sokol við lögreglu eða staðið vörð fyrir utan iðnaðarbilið að [...] sem fái hvort tveggja stoð í framburði meðákærða Sokols. Staðreyndin sé sú að hann hafi ekki haft hugmynd um það sem gengið hafi á inni í iðnaðarbilinu. Hann hafi einfaldlega setið í bifreið sinni utan við heimili sitt þar sem hann hafi ætlað að hringja nokkur símtöl. Þá hafi ákærði Valmir ekki átt í neinum samskiptum við þá sem að umræddum innflutningi hafi staðið auk þess sem hann hafi gefið trúverðuga skýringu á því hvernig það hafi komið til að hann hafi flett leiðinni frá Egilsstöðum að [...] upp í síma sínum og mynd af síma hans ratað í síma ákærðu Söndru. Þá hafi meðákærði Sokol beðið hann um að lána sér ryksugu án þess að tilgreina ástæðu þess. Hann hafi ekki hugmynd um hver eigi hina ryksuguna sem verið hafi í iðnaðarbilinu. Í öllu falli hafi það ekki verið önnur ryksugan sem keypt hafi verið með Costco-korti hans þar sem hún sé í eigu bróður hans líkt og hann hafi borið um. Þess utan liggi ekkert fyrir um að þessar ryksugur hafi einhverja þýðingu enda hafi þær ekki verið rannsakaðar. Að öllu þessu virtu sé á engan hátt sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði Valmir hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum sé gefin að sök. Standi því engin rök til annars en að sýkna hann. Í öllu falli geti aðild hans aldrei verið önnur en hlutdeild.

IV.

*Niðurstæða*

1.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag á ákærvaldinu og verða þeir því aðeins sakfelldir að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Tekur þetta mat m.a. til þess hvaða sönnunargildi skýrslur ákærðu eigi að hafa sem og skýrslur vitna. Í þessu sambandi geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað atvik af eigin raun, sem og önnur óbein sönnunargögn, haft þýðingu, enda sé hægt að draga ályktanir um sakarefnið af slíkum framburði og gögnum. Metur dómari enn fremur, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laganna gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

## 2.

Svo sem fram hefur komið er ákærðu í máli þessu gefið að sök stórfellt fíkniefnalagabrot. Nánar tiltekið er þeim gefið að sök að hafa í félagi staðið að innflutningi á samtals tæplega 15 kílógrömmum af ketamíni, með 87% styrkleika, og tæplega fimm kílógrömmum af MDMA kristöllum, með 83% styrkleika, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Í ákæru kemur fram að fíkniefnin hafi verið falin í samtals 20 pakkningum í tveimur leynilegum hólfum undir framsætum bifreiðar með skráningarnúmerið [...], frá Hollandi til Íslands, en þau hafi fundist í bifreiðinni og í poka á gólfi tilgreinds iðnaðarbils að [...] í Hafnarfirði, við handtöku ákærðu allra föstudaginn 19. september. Við handtöku hafi ákærðu verið byrjuð að fjarlægja fíkniefnin úr bifreiðinni og undirbúa söludreifingu þeirra en við leit í húsnæðinu að [...], sem ákærðu Sokol og Valmir hafi haft til umráða, hafi fundist grammavog, smelluláspokar og íblöndunarefni falin í iðnaðarryksugu. Þá kemur fram í ákæru að ákærðu hafi skipt með sér verkum m.a. á þann hátt sem þar greinir og nánar verður vikið að í köflum IV.3.-IV.5. hér á eftir.

Í ákæru kemur fram að ákærði Sokol hafi afhent ákærðu Söndru 290.000 krónur í reiðufé á bifreiðastæði við Fjarðarkaup í Hafnarfirði áður en þau hafi ekið að [...] og ákærða Sandra ekið bifreiðinni inn í áður nefnt iðnaðarbil. Af framburðum bæði ákærðu Söndru og ákærða Sokols fyrir dómi er ljóst að ákærði Sokol afhenti ákærðu Söndru umrætt reiðufé eftir að þau voru komin að [...]. Sú staðreynd að þetta aukaatriði er ekki

rétt tilgreint í ákæru hafði engin áhrif á vörn ákærðu, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

### 3.

Ákærðu Söndru er í ákæru gefið að sök að hafa flutt fíkniefnin frá Hollandi til Íslands falin í áður nefndri bifreið með ferjunni Norrænu sem kom til Seyðisfjarðar að morgni miðvikudagsins 17. september 2025 og haldið áfram för sinni á bifreiðinni til Hafnarfjarðar föstudaginn 19. september og hitt ákærða Sokol á bifreiðarstæði við Fjarðarkaup í Hafnarfirði, tekið við 290.000 krónum í reiðufé, ekið á eftir honum að [...] og ekið bifreiðinni inn í tiltekið iðnaðarbil.

Líkt og fram kemur í kafla II.1. hér að framan gekkst ákærða Sandra undanbragðalaust við því fyrir dómi að hafa viðhaft þá háttsemi sem henni er gefin að sök samkvæmt framansögðu. Með skýlausri játningu hennar, sem samrýmist að fullu bæði framburði skýrslugjafa fyrir dómi og umfangsmiklum sýnilegum sönnunargögnum málsins, er sannað að ákærða Sandra hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök og verður hún því sakfelld. Um heimfærslu háttsemi hennar og ákvörðun refsingar verður fjallað í köflum IV.6.-IV.7. hér á eftir.

### 4.

Ákærða Sokol er í ákæru gefið að sök að hafa átt í samskiptum við óþekktan mann dagana 23. júní-30. júlí og 10.-19. september 2025 þar sem lagt hafi verið á ráðin um innflutning og fjármögnun fíkniefna og 16. september um greiðslur til ákærðu Söndru vegna innflutningsins og um hvert fara ætti með bifreiðina en þessum upplýsingum hafi verið komið áfram til ákærðu Söndru í gegnum óþekktan mann. Þá hafi ákærði Sokol hitt ákærðu Söndru föstudaginn 19. september á biðreiðarstæði við Fjarðarkaup í Hafnarfirði, afhent henni 290.000 krónur í reiðufé og ekið á undan henni að [...].

Ákærði Sokol neitar sök. Í framburði hans fyrir dómi kom m.a. fram að „Andi Zylyftari“ hafi notað hann. Hann hafi ekki vitað að fíkniefni væru í bifreiðinni. Þegar hann hafi séð hvað var í bifreiðinni hafi hann ekki viljað vera þarna lengur og því sagt við meðákærðu Söndru: „Please, put it back.“ Misræmi er um fjölmörg atriði í framburði ákærða Sokols fyrir dómi annars vegar, sem rakinn er í kafla II.2., og frásögnum hans hjá lögreglu á rannsóknarstigi, sem raktar eru í kafla I.12. hér að framan, hins vegar auk þess sem misræmi er um fjölmörg atriði frá einni skýrslutöku til annarrar hjá lögreglu. Þannig hefur ákærði Sokol m.a. borið með ólíkum hætti um aðdraganda þess að hann hittir meðákærðu Söndru við verslun Fjarðarkaupa og hvað þeim „Andi Zylyftari“ eða

„He´ll“ hafi farið á milli í því sambandi, hvort hann hafi látið meðákærðu Söndru hafa fjármuni og í hvaða tilgangi, hvernig það hafi komið til að meðákærði Valmir kom með ryksugu, hvort þeir meðákærði Valmir hafi talað saman í síma eftir að inn í iðnaðarbilið var komið og hvert efni þess samtals hafi verið, hvernig það hafi komið til að leiðinni frá Egilsstöðum að [...] var flett upp í síma meðákærða Valmirs, hver eigi ryksuguna sem fundist hafi við leit í íbúðarhluta húsnæðisins að [...] og það sem í henni hafi verið og um hvað samskipti hans við „Andi Zylyftari“ eða „He´ll“ hafi snúist. Þá er áberandi misræmi í frásögnum ákærða Sokols um ýmis atriði hjá lögreglu annars vegar og meðákærða Valmirs hins vegar á þeim tíma sem þeir sættu báðir einangrun en frásagnir þeirra beggja tóku ákveðnum breytingum eftir að einangrun var aflétt.

Á móti sakarneitun ákærða Sokol og margbreytilegum framburði hans standa svo framburðir annarra skýrslugjafa, einkum meðákærðu Söndru og lögreglumanna nr. K, nr. F, nr. I og nr. E, sem og umfangsmikil sýnileg sönnunargögn málsins. Þannig liggur beinlínis fyrir að ákærði Sokol átti í samskiptum við óþekktan einstakling með spænskt símanúmer dagana 23. júní – 30. júlí 2025 sem snerust að verulegu leyti um innflutning og fjármögnun fíkniefna, sbr. umfjöllun í kafla I.8. Þá liggur fyrir að hann átti í samskipti við óþekktan einstakling með annað spænskt símanúmer dagana 10. – 19. september 2025 auk annars um væntanlega sendingu, fjármögnun og greiðslu til meðákærðu Söndru, sbr. einnig umfjöllun í kafla I.8. Enn fremur liggur fyrir að upplýsingar sem ákærði Sokol sendi viðkomandi skiluðu sér til meðákærðu Söndru frá óþekktum einstaklingi, m.a. heimilisfangið [...] í Reykjavík sem og ljósmynd af síma meðákærða Valmirs þar sem búið var að fletta upp leiðinni frá Egilsstöðum að [...], sbr. umfjöllun í köflum I.7. og I.8. Ákærði Sokol skýrði bæði frá því hjá lögreglu á rannsóknarstigi og bar um það fyrir dómi að þessi tvö spænsku símanúmer tilheyri sama einstaklingnum, þ.e. „Andi Zylyftari“ eða „He´ll“. Að sama skapi liggur fyrir að ákærði Sokol hitti meðákærðu Söndru á bifreiðastæði við verslun Fjarðarkaupa og ók á undan henni að heimili þeirra meðákærða Valmirs að [...] þar sem hún ók bifreiðinni með fíkniefnunum inn í iðnaðarbil, sbr. umfjöllun í kafla I.2. Þá bar ákærði Sokol um það fyrir dómi að hafa afhent ákærðu Söndru 290.000 krónur þegar þangað var komið. Enn fremur liggur frammi hljóðupptaka af samskiptum þeirra ákærða Sokols og meðákærðu Söndru inni í iðnaðarbilinu, sem spiluð var við aðalmeðferð málsins, sem og upplýsingaskýrsla þar um, sbr. umfjöllun kafla I.2. Þau samskipt bera að mati dómsins ótvírætt með sér að ákærða Sokol hafi verið fulljóst að fíkniefni væru í bifreiðinni. Þá má á umræddri

upptöku glöggt heyra farsíma ákærða Sokol hringja þegar þau höfðu hafist handa við að fjarlægja fíkniefnin úr bifreiðinni og ákærða Sokol segja: „Police, put it back.“ Hið sama kom fram í framburði meðákærðu Söndru fyrir dómi, sbr. kafla II.1., sem og frásögn hennar hjá lögreglu á rannsóknarstigi, sbr. kafla I.11. Loks fundust grammavog, smelluláspokar og íblöndunarefni falin í iðnaðaryksugu við húsleit í íbúðarluta húsnæðisins að [...], sbr. umfjöllun í kafla I.5., sem ber að mati dómsins vott um að undirbúningur að söludreifingu umræddra fíkniefna hafi verið hafinn.

Samkvæmt framansögðu gætir því hvorki innra né ytra samræmis í margbreytilegum framburði ákærða Sokols og er hann að mati dómsins verulega ótrúverðugur. Að því og öðru framansögðu gættu og að öðru leyti með vísan til umfangsmikilla sýnilegra sönnunargagna málsins og atvika þess þykir sannað, gegn neitun ákærða Sokols, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og verður hann því sakfelldur. Um heimfærslu háttsemi hans og ákvörðun refsingar verður fjallað í köflum IV.6.-IV.7. hér á eftir.

## 5.

Ákærða Valmir er í ákæru gefið að sök að hafa komið að innflutningi og fjármögnun fíkniefna, fyrst með því að greiða samtals 29.968 evrur í gegnum tilgreindan reikning sinn hjá fjármálafyrirtækinu Revolut á óþekktan mann mánudaginn 23. júní 2025, en fjármunirnir voru endurgreiddir inn á sama reikning ákærða hjá Revolut mánudaginn 30. júní 2025 og stuttu síðar með því að greiða 40.036 evrur í gegnum reikning sinn hjá Revolut inn á eigin bankareikning í albanska bankanum Union bank þriðjudaginn 29. júlí 2025. Þá hafi ákærði Valmir flett upp ferðaleið frá Egilsstöðum til Hafnarfjarðar í smáforritinu Google Maps fimmtudaginn 18. september 2025 og upplýsingarnar borist mákærðu Söndru í gegnum óþekktan mann. Einnig hafi ákærði Valmir komið í margnefnt iðnaðarbili að [...] föstudaginn 19. september þar sem meðákærðu Sokol og Sandra hafi verið við bifreiðina með fíkniefnunum og skömmu síðar náð í kassa í bifreið sína sem hafi innihaldið iðnaðarryksugu og sett hana við bifreiðina með fíkniefnunum og setið áfram í bifreið sinni fyrir utan húsið á meðan meðákærðu Sokol og Sandra hafið tekið til við að fjarlægja fíkniefnin úr bifreiðinni og gert ákærða Sokol viðvart þegar lögregla hafi komið á vettvang.

Ákærði Valmir neitar sök. Í framburði hans fyrir dómi kom m.a. fram að hann tengist þessu máli ekki á neinn hátt. Meðákærði Sokol hafi hringt í hann og beðið hann

um að koma með ryksugu sem hann hafi gert. Hann hafi svo setið í bifreið sinni fyrir utan og hringt í tvo vini sem hafi ekki svarað. Þá hafi hann hringt í meðákærða Sokol til að spyrja hann hvað hann ætti að hafa í matinn. Hann hafi ekki svarað. Millifærslan 23. júní 2025 hafi verið vegna bifreiðakaupa. Þá liggi þeir fjármunir sem hann hafi greitt inn á reikning sinn í Albaníu 29. júlí 2025 enn þar. Misræmi er um ákveðin atriði í framburði ákærða Valmirs fyrir dómi annars vegar, sem rakinn er í kafla II.2., og frásögnum hans hjá lögreglu á rannsóknarstigi, sem raktar eru í kafla I.12. hér að framan, hins vegar auk þess sem misræmi er um ákveðin atriði frá einni skýrslutöku til annarrar hjá lögreglu. Þannig hefur ákærði Valmir m.a. borið með ólíkum hætti um það af hverju leiðinni frá Egilsstöðum að [...] hafi verið flett upp í síma hans, af hverju hann hafi hætt við að kaupa bifreið af „P.“, hvenær hann hafi keypt Audi Q7 bifreið frá Bandaríkjunum og hvaða fjármunir það hafi verið sem hann greiddi inn á reikning sinn í albanska bankanum Union bank 29. júlí 2025. Þá er áberandi misræmi í frásögnum ákærða Valmirs hjá lögreglu um ýmis atriði annars vegar og meðákærða Sokols hins vegar á þeim tíma sem þeir sættu báðir einangrun en frásagnir þeirra beggja tóku ákveðnum breytingum eftir að einangrun var aflétt.

Á móti sakarneitun ákærða Valmirs og breytilegum framburði hans standa svo framburðir annarra skýrslugjafa, einkum lögreglumanna nr. K, nr. H, nr. F, nr. I og nr. E sem og umfangsmikil sýnileg sönnunargögn málsins. Þannig liggur beinlínis fyrir að ákærði Valmir greiddi 29.968 evrur í gegnum reikning sinn hjá Revolut á „P“ 23. júní 2025 að beiðni meðákærða Sokol, sendi meðákærða Sokol skjáskot af millifærslunni sem meðákærði Sokol sendi beint á „Andi Zylyftari“ eða „He'll“, sbr. umfjöllun í kafla I.16. Einnig liggur fyrir að 30. sama mánaðar sendi „Andi Zylyftari“ eða „He'll“ skilaboð til meðákærða Sokol um að endurgreiðsla muni berast og í beinu framhaldi af því millifærði „P.“ sömu fjárhæð á reikning ákærða Valmirs hjá Revolut, sbr. einnig umfjöllun í kafla I.16. Þá liggur og beinlínis fyrir að ákærði Valmir greiddi 40.036 evrur í gegnum reikning sinn hjá Revolut inn á eigin bankareikning í albanska bankanum Union bank 29. júlí 2025, sbr. einnig umfjöllun í kafla I.16. Í framburði ákærða Valmirs fyrir dómi kom fram að hann hafi verið staddur í Albaníu þegar umrædd greiðsla hafi verið framkvæmd. Í samskiptum meðákærða Sokols og „Andi Zylyftari“ eða „He'll“ kemur m.a. fram að greiðsla eigi að fara fram með rafmynt, reiðufé í Albaníu og reiðufé á Íslandi, sbr. umfjöllun í kafla I.8. Þá liggur fyrir að ferðaleiðinni frá Egilsstöðum að [...] var flett upp í síma ákærða Valmirs, sbr. umfjöllun í kafla I.9., og hefur hann verið margsaga um það

hvernig það hafi komið til. Þá liggur og fyrir að meðákærða Sandra fékk senda ljósmynd af síma ákærða Valmirs með ferðaleiðinni frá Egilsstöðum að [...] á skjánum, sbr. umfjöllun í kafla 1.10. Að sama skapi liggur ótvírætt fyrir að ákærði Valmir kom með ryksugu í iðnaðarbilið að [...] eftir að bifreiðinni með fíkniefnunum var ekið þar inn, þrátt fyrir að önnur nákvæmlega eins ryksuga hafi verið þar fyrir, og sat þar fyrir utan í bifreið sinni á meðan meðákærðu Sandra og Sokol hófu að fjarlægja fíkniefnin úr bifreiðinni, sbr. umfjöllun í kafla I.2. Enn fremur er að mati dómsins sýnt að ákærði Valmir hringdi í meðákærða Sokol og varaði hann við þegar lögregla kom á vettvang svo sem ótvírætt má ráða af framlagðri hljóðupptöku og rannsóknum á efnisinnihaldi farsíma þeirra beggja, sbr. umfjöllun í köflum I.8. og I.9. Framangreindu til viðbótar koma svo skýringar ákærða Valmirs á því að framangreind greiðsla á „P.“ hafi tengst bifreiðaviðskiptum og því hvernig bifreiðaviðskiptum hans hafi að örðu leyti verið háttað á engan hátt saman við sýnileg sönnunargögn málsins, sbr. umfjöllun í kafla I.16. Loks verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að umrædd fíkniefni komu til landsins og enduðu á sameiginlegu heimili þeirra ákærða Valmirs og meðákærða Sokols þar sem grammavog, smelluláspokar og íblöndunarefni falin í iðnaðaryksugu fundust við húsleit, sbr. kafla I.5.

Samkvæmt framansögðu gætir því hvorki innra né ytra samræmis í breytilegum framburði ákærða Valmirs og er hann að mati dómsins heilt yfir ótrúverðugur og yfir honum ólíkindablær. Þá er ekki hægt að leggja þá ljósmynd af skjali sem lögð var fram af hálfu ákærða Valmirs við aðalmeðferð málsins og sagt er sýna heildarstöðu bankareiknings hans hjá ótilgreindu fjármálafyrirtæki til grundvallar um að þeir fjármunir sem hann greiddi í gegnum reikning sinn hjá Revolut inn á eigin bankareikning í albanska bankanum Union bank 29. júlí 2025 liggi þar enn óhreyfðir. Þannig ber umrætt skjal og framlögð íslensk þýðing þess hvorki með sér að það stafi í reynd frá albanska bankanum Union bank né heldur ber það á nokkurn hátt með sér að þeir fjármunir sem þar eru tilgreindir sem heildarinnstæða séu umræddir fjármunir. Að þessu og öðru framansögðu gættu og að öðru leyti með vísan til umfangsmikilla sýnilegra sönnunargagna málsins og atvika þess þykir sannað, gegn neitun ákærða Valmirs, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og verður hann því sakfelldur. Um heimfærslu háttsemi hans og ákvörðun refsingar verður fjallað í köflum IV.6.-IV.7. hér á eftir.

6.

Samkvæmt framansögðu hafa ákærðu öll verið sakfelld fyrir þá háttsemi sem þeim er gefin að sök. Nær sú sakfelling til þeirrar háttsemi sem þeim er gefin að sök í inngangskafli ákæru en þau stóðu sannarlega að innflutningi umræddra fíkniefna ætluðum til söludreifingar í ágóðaskyni í félagi þótt hlutverk þeirra hvers um sig hafi verið ólíkt. Sú aðferð að notast við milliliði við miðlun upplýsinga og skipta hlutverkum er þekkt við brot af þessum toga og hefur þann tilgang að koma því til leiðar að fíkniefni fari á milli landa frá sendanda til móttakanda án þess að viðeigandi yfirvöld verði þess áskynja eða þeim auðnist að bera kennsl á alla þá sem að broti standa hverju sinni. Algennt er að einstakir samverkamenn að slíku broti þekki eingöngu sitt hlutverk og þekki ekki til allra annarra sem að því standa líkt og í þessu tilviki. Er brot ákærðu allra réttilega heimfært til 2. mgr. 173. gr. a. almennra hegningarlaga og þáttur hvers þeirra um sig þannig að engin efni standa til að gera á aðild þeirra greinarmun þótt þátttaka þeirra hafi verið verkskipt.

## 7.

Samkvæmt 2. mgr. 173. gr. a. almennra hegningarlaga skal sá sæta fangelsi allt að tólf árum, sem gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni, framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt. Samkvæmt framansögðu eru ákærðu nú sakfelld fyrir að hafa í félagi staðið að innflutningi á samtals 14.952,33 grömmum af ketamíni, með 87% styrkleika, sem samsvarar 100% af ketamínklóríði, og 4.999,46 grömmum af MDMA kristöllum, með 83% styrkleika, sem samsvarar 99% af MDMA klóríði, ætluðum til söludreifingar í ágóðaskyni. Er því um verulegt magn ávana- og fíkniefna að miklum styrkleika að ræða. Samkvæmt framlagðri upplýsingaskýrslu lögreglu nemur götuverðmæti þeirra samtals 374.038.500 krónum, sbr. kafla I.4. og vætti lögreglumanns nr. F fyrir dómi.

Ákærða Sandra hefur ekki áður sætt refsingu svo vitað sé. Þá játaði hún brot sitt undanbragðalaust bæði hjá lögreglu á rannsóknarstigi og fyrir dómi og greindi skilmerkilega frá sínum þætti og aðild meðákærðu að svo miklu leyti sem hún gat. Að því og öðru framansögðu virtu, einkum magni, styrkleika og tegund umræddra efna, og með vísan til 1., 5., 6., 8. og 9. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærðu Söndru hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár og sex mánuði. Ekki standa efni til að skilorðsbinda tildæmda refsingu. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhald ákærðu frá 20. september 2025 að fullri dagatölu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framlögðum sakavottorðum ákærðu Sokols og Valmirs hefur hvorugur þeirra áður sætt refsingu hér á landi þannig að þýðingu hafi. Að því og öðru framansögðu virtu, einkum magni, styrkleika og tegund umræddra efna, og með vísan til 1., 5. og 6. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi í sjö ár. Ekki standa efni til að skilorðsbinda tildæmda refsingu. Frá refsingunni dragist í báðum tilvikum gæsluvarðhald ákærðu frá 20. september 2025 að fullri dagatölu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 69. gr. a. almennra hegningarlaga skulu umrædd fíkniefni, grammavog (munur nr. 676349), smelluláspokar (munur nr. 676350) og plastpoki (munur nr. 676351) gerð upptæk.

Með vísan til 69. gr. a. almennra hegningarlaga skulu jafnframt gerð upptæk bifreið með skráningarnúmerið [...] (munur nr. 676337), auk sex farsíma sem ákærðu notuðu við brotið (munir nr. 676305, 676306, 676319, 676487, 676314 og 676315).

Loks skulu með vísan til 1. mgr. 69. gr. og 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. lag nr. 149/2009, gerðar upptækar 290.000 íslenskar krónur í reiðufé sem fundust við leit á ákærðu Söndru við handtöku hennar (munur nr. 367331).

8.

Í ljósi greindra málsúrslita ber samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, en til hans telst 1.901.992 króna útlagður kostnaður samkvæmt framlögðum reikningum ákæruvaldsins, sem ákærðu greiði óskipt, en samtala þeirra er ranglega tilgreind á heildaryfirliti ákæruvaldsins, sem og málsvarnarlaun skipaðra verjanda þeirra og eftir atvikum útlagður kostnaður. Ákærða Sandra greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Odds Valssonar lögmanns, sem þykja með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu verjandans og leiðbeinandi reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2026, hæfilega ákveðin 4.594.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði Sokol greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldvins Más Kristjánssonar lögmanns, sem þykja með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu verjandans og leiðbeinandi reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2026, hæfilega ákveðin 7.421.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sem og 31.200 króna útlagðan kostnað hans samkvæmt framlögðum reikningi. Ákærði Valmir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Smára Skúlasonar lögmanns, sem þykja með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu verjandans og leiðbeinandi reglna dómstólasýslunnar

nr. 1/2026, hæfilega ákveðin 7.421.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sem og 180.576 króna aksturskostnað hans.

Hulda Árnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærða, Sandra Dorothea Becker, sæti fangelsi í fimm ár og sex mánuði. Til frádráttar dæmdri refsingu komi að fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærðu frá 20. september 2025.

Ákærði, Sokol Dushku, sæti fangelsi í sjö ár. Til frádráttar dæmdri refsingu komi að fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 20. september 2025.

Ákærði, Valmir Qeleposhi, sæti fangelsi í sjö ár. Til frádráttar dæmdri refsingu komi að fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 20. september 2025.

Upptæk skulu gerð 14.952,33 grömm af ketamíni, 4.999,46 grömm af MDMA kristöllum, grammavog (munur nr. 676349), smelluláspokar (munur nr. 676350), plastpoki (munur nr. 676351), bifreið með skráningarnúmerið [...] (munur nr. 676337), sex farsímar (munir nr. 676305, 676306, 676319, 676487, 676314 og 676315) og 290.000 íslenskar krónur í reiðufé (munur nr. 367331).

Ákærðu greiði óskipt 1.901.992 króna útlagðan kostnað samkvæmt framlögðum reikningum ákæruvaldsins.

Ákærða Sandra greiði 4.594.200 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Odds Valssonar lögmanns.

Ákærði Sokol greiði 7.421.400 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldvins Mús Kristjánssonar lögmanns, og 31.200 króna útlagðan kostnað hans.

Ákærði Valmir greiði 7.421.400 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Smára Skúlasonar lögmanns, og 180.576 króna aksturskostnað hans.

Hulda Árnadóttir